



Bæjarstjórn Garðabæjar 10. (832)/2018

Boðað er til 10. (832). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 16. ágúst 2018 kl. 17:00 í Safnaðarheimilinu Kirkjuhvoli.

Dagskrá:

1. 1806033F - Fundargerð bæjarráðs frá 26/6 '18.
2. 1806040F - Fundargerð bæjarráðs frá 3/7 '18.
3. 1807005F - Fundargerð bæjarráðs frá 10/7 '18.
4. 1807013F - Fundargerð bæjarráðs frá 17/7 '18.
5. 1807019F - Fundargerð bæjarráðs frá 24/7 '18.
6. 1807026F - Fundargerð bæjarráðs frá 31/7 '18.
7. 1808009F - Fundargerð bæjarráðs frá 14/8 '18.
8. 1806013F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 14/6 '18.
9. 1807014F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 26/7 '18.
10. 1808004F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 9/8 '18.
11. 1807009F - Fundargerð leikskólanefndar frá 9/8 '18.
12. 1806038F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 29/6 '18.
13. 1806043F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 4/7 '18.
14. 1807012F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 12/7 '18.
15. 1801390 - Fundargerðir heilbrigðisnefndar frá 28/5 og 16/7 '18.
16. 1801362 - Fundargerð stjórnar Sorpu bs. frá 4/7 '18.
17. 1805157 - Fundargerð stjórnar SHS frá 15/6 '18.
18. 1808125 - Tillaga Garðabæjarlistans um gagnsærri stjórnsýslu
19. 1808124 - Tillaga Garðabæjarlistans um félagslegt húsnæði - stefnumótunarvinna
20. 1808123 - Tillaga Garðabæjarlistans um hinsegin fræðslu - heilsueflandi samfélag

Gunnar Einarsson,
bæjarstjóri.

Bæjarstjórn Garðabæjar
9. (831). fundur 2018

Fimmtudaginn 21. júní 2018 kl. 17:00 kom bæjarstjórn Garðabæjar saman til fundar í Safnaðarheimilinu Kirkjuhvoli.

Fundinn sátu: Gunnar Valur Gíslason, Sigríður Hulda Jónsdóttir, Sigurður Guðmundsson, Jóna Sæmundsdóttir, Almar Guðmundsson, Björg Fenger, Gunnar Einarsson, Guðfinnur G. Sigurvinsson, Sara Dögg Svanhildardóttir, Valborg Ösp Á Warén og Harpa Þorsteinsdóttir.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Fundurinn er hljóðritaður.

Gunnar Valur Gíslason, sem er aldursforseti þeirra sem eiga að baki lengsta setu í bæjarstjórn setti fund. Gunnar Valur bauð bæjarfulltrúa velkomna til fyrsta fundar nýkjörinnar bæjarstjórnar Garðabæjar fyrir kjörtímabilið 2018 – 2022 og óskaði þeim til hamingju með kjör þeirra til bæjarstjórnar. Gunnar Valur færði fyrrum bæjarfulltrúum þakkir fyrir þeirra störf í þágu samfélagsins og þakkaði þeim samstarfið.

Fundargerð bæjarstjórnar frá 17. maí 2018 er lögð fram.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, kvaddi sér hljóðs og þakkaði bæjarbúum traust í garð bæjarfulltrúa í kosningunum í vor og hvatti bæjarfulltrúa til að vinna saman í góðum anda til hagsmuna fyrir Garðbæinga. Sigríður Hulda vakti athygli á viðburðum framundan en HM – útsending verður á Garðatorgi og þá verður Jónsmessuhátíð Grósku í kvöld.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1801001 - Greinargerð kjörstjórnar um úrslit kosninganna 26. maí 2018.

Lögð fram greinargerð yfirkjörstjórnar, sbr. 2. mgr. 95. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, þar sem lýst er úrslitum kosninga til bæjarstjórnar Garðabæjar sem fram fóru 26. maí 2018.

2. 1806155 - Kosning forseta bæjarstjórnar og 1. og 2. varaforseta til eins árs

Tillaga kom fram um Gunnar Val Gíslason, sem forseta bæjarstjórnar til eins árs. Tillagan samþykkt með átta atkvæðum (GVG,SHJ,SG,AG,JS,BF,GE,GGS). Þrír sitja hjá (SDS,HÞ,VÖW).

Gunnar Valur þakkaði bæjarfulltrúum traustið og hvatti þá til góðra verka og samstöðu um framgang mikilvægra mála fyrir samfélagið í Garðabæ.

Tillaga kom fram um Sigurð Guðmundsson, sem fyrsta varaforseta. Tillagan samþykkt með átta atkvæðum (GVG,SHJ,SG,AG,JS,BF,GE,GGS). Þrír sitja hjá (SDS,HÞ,VÖW).

Tillögur komu fram um Jónu Sæmundsdóttur og Söru Dögg Svanhildardóttur, sem 2. varaforseta. Átta bæjarfulltrúar greiddu Jónu atkvæði (GVG,SHJ,SG,AG,JS,BF,GE,GGS) en þrír greiddu Söru Dögg atkvæði. (SDS,HÞ,VÖW).

3. 1806154 - Ráðning bæjarstjóra

Gunnar Valur Gíslason, lagði fram eftirfarandi tillögu:

„Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að ráða Gunnar Einarsson í starf bæjarstjóra Garðabæjar kjörtímabilið 2018 - 2022.

Formanni bæjarráðs er falið að ganga frá skriflegum ráðningarsamningi við bærstjóra þar sem starfskjör hans eru ákveðin, sbr. 2. mgr. 54. gr. sveitarstjórnarlaga. Samningurinn skal lagður fyrir bæjarráð til staðfestingar.“

Sara Dögg Svanhildardóttir, kvaddi sér hljóðs og lagði fram eftirfarandi bókun:

„Garðabæjarlistinn leggur til að laun bærstjóra taki mið af almennum ráðherralaunum að undanskildum forsætisráðherra. Það skiptir máli að um starfskjör bærstjóra ríki sátt. Í allri umræðu um laun og kjör í samfélaginu slær skökku við að Garðabær taki sér stöðu gegn almennri launaþróun í landinu með launum bærstjóra. Enn fremur sitja bæjarfulltrúar Garðabæjarlistans hjá við afgreiðslu liðar um ráðningu bærstjóra þar sem Garðabæjarlistinn hefði kosið ópólitískt ráðinn bærstjóra.“

Tillagan samþykkt með átta atkvæðum (GVG,SHJ,SG,AG,JS,BF,GE,GGS). Þrír sitja hjá.(SDS,HP,VÖW).

4. 1806152 - Kosning nefnda til eins árs.

Bæjarráð fimm aðalmenn

Aðalmenn:

Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, varaformaður, Sigurður Guðmundsson, Almar Guðmundsson, Ingvar Arnarson.

Varamenn taka sæti í bæjarráði í þeirri röð sem þeir skipa sama lista og aðalfulltrúar.

5. 1806153 - Kosning nefnda til tveggja ára

a. Stjórn Sorpu bs.

Aðalmaður:

Jóna Sæmundsdóttir

Varamaður:

Sigurður Guðmundsson

b. Stjórn Strætó bs

Aðalmaður:

Björg Fenger

Varamaður:

Kjartan Örn Sigurðsson

6. 1806151 - Kosning fastanefnda til fjögurra ára

a. Fjölskylduráð

Aðalmenn:

Almar Guðmundsson, formaður, Bjarni Th. Bjarnason, Sigþrúður Ármann, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, Guðfinna Eyrún Ingjaldsdóttir.

Varamenn:

Eymundur Einarsson, Kristinn Guðlaugsson, Kristín Einarsdóttir, Margrét Íris Baldursdóttir, Harpa Þorsteinsdóttir.

b. Íþrótt- og tómstundaráð

Aðalmenn:

Björg Fenger, formaður, Þorri Geir Rúnarsson, Stefanía Magnúsdóttir, Guðrún Jónsdóttir, Guðjón Pétur Lýðsson.

Varamenn:

Þorsteinn Júlíusson, Steinunn Vala Sigfúsdóttir, Ómar R. Valdimarsson, Ragnar Árnason, Hannes Ingi Geirsson.

c. Kjörstjórn

Aðalmenn:

Þóra Margrét Hjaltsted, Jóhann Steinar Ingimundarson, Snævar Sigurðsson.

Varamenn:

Finnur Magnússon, Hrafnhildur Helgadóttir, Bjarni Jón Jónsson.

Kjörstjórn er kjörin samkvæmt 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og samkvæmt 7. mgr. sömu greinar skal kjörstjórn stýra kosningum til sveitarstjórnar og Alþingis. Kjörstjórn kýs sér sjálf formann.

d. Leikskólanefnd

Aðalmenn:

Kristjana Sigursteinsdóttir, formaður, María Guðjónsdóttir, Torfi Geir Símonarson, Guðlaugur Kristmundsson, Valborg Ösp Á Warén.

Varamenn:

Andrea Róbertsdóttir, Magnús Kristinn Einarsson, Gyða Dan Johansen, Fanney Hanna Valgarðsdóttir, Snævar Sigurðsson.

e. Mannréttinda og forvarnanefnd

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, lagði fram eftirfarandi tillögu.

„Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að leggja niður mannréttinda- og forvarnanefnd. Það hlutverk sem nefndin hefur haft færist til íprótta- og tómsundaráðs og eftir atvikum til fjölskylduráðs. Bæjarstjórn samþykkir að fela bæjarráði að hlutast til um að gera viðhlítandi breytingar á samþykkt um stjórn Garðabæjar.“

Tillagan samþykkt með átta atkvæðum (GVG,SHJ,SG,AG,JS,BF,GE,GG). Þrír sitja hjá (SDS,HÞ,VÖW).

f. Menningar- og safnanefnd

Aðalmenn:

Gunnar Valur Gíslason, formaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson, Bjarndís Lárusdóttir, Þorbjörg Þorvaldsdóttir, Hannes Ingi Geirsson.

Varamenn:

Þorgerður Anna Arnardóttir, Jóel Ísak Jóelsson, Laufey Arnalds Johansen, Guðlaugur Kristmundsson, Sara Dögg Svanhildardóttir.

g. Nefnd um málefni eldri borgara

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, lagði fram eftirfarandi tillögu.

„Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að leggja niður nefnd um málefni eldri borgara það hlutverk sem nefndin hefur haft færist til fjölskylduráðs og eftir atvikum til annarra nefnda. Bæjarstjórn samþykkir að fela bæjarráði að hlutast til um að gera viðhlítandi breytingar á samþykkt um stjórn Garðabæjar.“

Valborg Ösp Á Warén, kvaddi sér hljóðs og lagði fram eftirfarandi bókun:

„Garðabæjarlistinn leggur til að ef fyrrgreindar nefndir verða lagðar niður að þá flytjist fulltrúi Garðabæjarlistans inn í þær nefndir sem málefni nefndanna falla undir í þágu lýðræðislegrar umræðu sem og til að undirstrika vilja allra í bæjarstjórn að efla enn frekar lýðræðisleg vinnubrögð. Hér er átt við fjölskylduráð og íprótta og tómsundaráð.“

Tillagan samþykkt með átta atkvæðum (GVG,SHJ,SG,AG,JS,BF,GE,GGS). Þrír sitja hjá (SDS,HP,VÖW).

h. Skipulagsnefnd

Aðalmenn:

Sigurður Guðmundsson, formaður, Lúðvík Örn Steinarsson, Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir, Stella Stefánsdóttir, Baldur Ó. Svavarsson.

Varamenn

Kjartan Örn Sigurðsson, Viktoría Jensdóttir, Jóhann Jónsson, Anna Lilja Johansen, Guðjón Pétur Lýðsson.

i. Skólanefnd grunnskóla

Aðalmenn:

Sigríður Hulda Jónsdóttir, formaður, Jóhann Steinar Ingimundarson, Lilja Hrund Ava Lúðvíksdóttir, Sturla Þorsteinsson, Sara Dögg Svanhildardóttir.

Varamenn:

Guðrún Ásta Lúðvíksdóttir, Sófus Gústafsson, Krístrún Mjöll Frostadóttir, Kjartan Vído Ólafsson, Valborg Ösp Á Warén.

j. Skólanefnd tónlistarskóla

Aðalmenn:

Eiríkur Þorbjörnsson, formaður, Einar Örn Magnússon, Sigrún Gísladóttir, Sólveig Guðrún Geirsdóttir, Sveinbjörg Vilhjálmsdóttir,

Varamenn:

Unnur Johnsen, Berglind Birgisdóttir, Steinunn Bergmann, Ingvar Arnarson, Sara Dögg Svanhildardóttir.

k. Umhverfisnefnd

Aðalmenn:

Jóna Sæmundsdóttir, formaður, Guðfinnur G. Sigurvinsson, Hrönn Hallgrímsdóttir, Páll Magnús Pálsson, Sveinbjörg Vilhjálmsdóttir.

Varamenn:

Bryndís Kristinsdóttir, Halldór Halldórsson, Jón Þór Guðjónsson, Sigríður Finnbjörnsdóttir, Gunnar Hólmsteinn Ársælsson.

l. Stjórn Hönnunarsafns Íslands

Aðalmenn:

Stella Stefánsdóttir, formaður, Kristín Björgvinsdóttir, Guðlaugur Kristmundsson.

Varamenn:

Gunnar Valur Gíslason, Áslaug Hulda Jónsdóttir, Sólveig Guðrún Geirsdóttir

7. 1806150 - Kosning í samstarfsnefndir

a. Almannaþingarnefnd

Aðalmenn:

Gunnar Einarsson, Áslaug Hulda Jónsdóttir.

Varamenn:

Sigríður Hulda Jónsdóttir, Sigurður Guðmundsson.

b. Samstarfsnefnd um skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins.

Aðalmaður:

Björg Fengler.

Varamaður:
Gunnar Einarsson.

c. Fulltrúaráð Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Aðalmenn:
Almar Guðmundsson, Jóna Sæmundsdóttir, Sigríður Hulda Jónsdóttir, Sara Dögg Svanhildardóttir.

d. Heilbrigðisnefnd

Aðalmaður:
Ingibjörg Hauksdóttir.

Varamaður:
Jón Bjarni Þorsteinsson.

e. Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

Aðalmenn:
Sigurður Guðmundsson.
Harpa Þorsteinsdóttir.

f. Stjórn Hjálparsjóðs Garðasóknar

Aðalmaður:
Einar Farestveit.

Varamaður:
Almar Guðmundsson.

g. Stjórn Reykjanesfólkvangs

Aðalmaður:
Jóna Sæmundsdóttir.

Varamaður:
Guðfinnur G. Sigurvínsson.

h. Stjórn SSH

Aðalmaður:
Gunnar Einarsson.

Varamaður:
Áslaug Hulda Jónsdóttir.

i. Stjórn SHS

Aðalmaður:
Gunnar Einarsson.

Varamaður:
Áslaug Hulda Jónsdóttir.

j. Þjónustuhópur aldraðra

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri lagði fram eftirfarandi tillögu.

Bæjarstjórn samþykkir að vísa til bæjarráðs að skipa fulltrúa í þjónustuhóp aldraðra að fenginni tilnefningu viðkomandi aðila samkvæmt 7. gr. laga um málefni aldraðra nr. 7/1999.

Tillagan samþykkt samhljóða.

8. 1806112 - Kosning fulltrúa á landsþing Sambands ísl. sveitarfélaga 2018-2022

Aðalmenn:

Áslaug Hulda Jónsdóttir, Sigríður Hulda Jónsdóttir, Sigurður Guðmundsson, Gunnar Valur Gíslason, Ingvar Arnarson.

Varamenn:

Jóna Sæmundsdóttir, Almar Guðmundsson, Björg Fengur, Guðfinnur G. Sigurvinsson, Sara Dögg Svanhildardóttir.

9. 1805029F - Fundargerð bæjarráðs frá 22/5'18.

Fundargerðin sem er 17 tl. er samþykkt samhljóða.

10. 1805035F - Fundargerð bæjarráðs frá 25/5'18.

Fundargerðin sem er 1 tl. er samþykkt samhljóða.

11. 1805038F - Fundargerð bæjarráðs frá 29/5'18.

Fundargerðin sem er 8 tl. er samþykkt samhljóða.

12. 1806001F - Fundargerð bæjarráðs frá 5/6'18.

Afgreiðsla mála.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um útgáfu á framkvæmdaleyfi fyrir reiðveg frá Kjóavöllum um Grunnvatnaskarð að Vatnsásvegi sem er í samræmi við deiliskipulag Heiðmerkur og Sandahlíðar.

Fundargerðin sem er 15 tl. er samþykkt samhljóða.

13. 1805027F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 18/5'18.

Fundargerðin lögð fram.

14. 1806004F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 7/6'18.

Fundargerðin lögð fram.

15. 1805024F - Fundargerð íþrótt- og tómstundaráðs frá 16/5'18.

Sigurður Guðmundsson, ræddi 7. tl., afreiðslu styrks úr 19. júní sjóði. Sigurður kynnti hugmynd um að leysa sjóðinn upp og ráðstafa innstæðu til kvennaíþróttar í Garðabæ.

Fundargerðin lögð fram.

16. 1805020F - Fundargerð mannréttinda- og forvarnarnefndar frá 16/5'18.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 4. tl., tillögu um að ráðstafa hluta arðgreiðslu frá Lánsjóði sveitarfélaga til forvarnarmála.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi almennt um mikilvægi forvarnamála.

Fundargerðin lögð fram.

17. 1805015F - Fundargerð nefndar um málefni eldri borgara frá 8/5'18.

Almar Guðmundsson, ræddi 1. tl., upplýsingarit fyrir eldri borgara og 2. tl., stefnu í málefnum eldri borgara – aðgerðaráætlun.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 1. tl. upplýsingarit fyrir eldri borgara.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 1. tl., upplýsingarit fyrir eldri borgara og sagði frá hátíðarstund í síðustu viku í tilefni af 25 ára afmæli félags eldri borgara í Garðabæ

Fundargerðin lögð fram.

18. 1805017F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla frá 14/5'18.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 1. tl., ungt fólk og lýðræði 2018 og 2. tl., þróunarsjóð 2018 – yfirlit yfir úthlutun 2015-2018.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 2. tl., þróunarsjóð 2018 – yfirlit yfir úthlutun 2015-2018.

Fundargerðin lögð fram.

19. 1805022F - Fundargerð skólanefndar tónlistarskóla frá 16/5'18.

Fundargerðin lögð fram.

22. 1712013F - Fundargerð stjórnar Hönnunarsafns Íslands frá 6/12'17.

Fundargerðin lögð fram.

21. 1804032F - Fundargerð stjórnar Hönnunarsafns Íslands frá 18/4'18.

Fundargerðin lögð fram.

20. 1805036F - Fundargerð stjórnar Hönnunarsafns Íslands frá 25/5'18.

Fundargerðin lögð fram.

23. 1801175 - Fundargerð stjórnar SSH frá 4/6'18.

Fundargerðin lögð fram.

24. 1802195 - Fundargerðir samstarfsnefndar skíðasvæða frá 9/5'18.

Björg Fenger, ræddi 1. tl., samkomulag um endurnýjun og uppbyggingu á mannvirkjum skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins.

Fundargerðin lögð fram.

25. 1801362 - Fundargerð stjórnar Sorpu bs. frá 23/5'18.

Fundargerðin lögð fram.

26. 1801146 - Fundargerðir stjórnar Strætó bs frá 18/5'18.

Fundargerðin lögð fram.

27. 1801390 - Fundargerð heilbrigðisnefnd frá 28/5'18.

Fundargerðin lögð fram.

28. 1806201 - Tillaga Garðabæjarlistans um systkina- og fjölgreinaafslátt.

Harpa Þorsteinsdóttir, kvaddi sér hljóðs og lagði fram eftirfarandi tillögu.

„Garðabæjarlistinn leggur til að settur verði á laggirnar starfshópur til að skoða hvernig systkina- og fjölgreinaafslætti er háttað í nágrannasveitarfélögum. Starfshópurinn skoðar sérstaklega kostnað og útfærslur. Starfshópurinn leggur fram hugmyndir um hvernig best sé fyrir íþróttafélög í Garðabæ að innleiða systkina- og fjölgreinaafslátt og með hvaða hætti Garðabær geti stutt við þá innleiðingu. Starfshópurinn skipa einn frá Garðabæjarlistanum, einn frá Sjálfstæðisflokki, einn frá Stjórnunni, einn frá UMFÁ og íþróttafulltrúi Garðabæjar. Starfshópurinn skilar sínum hugmyndum fyrir 30. september 2018. Garðabæjarlistinn leggur til að stefnt verði að því að innleiða systkina- og fjölgreinaafslátt hjá íþróttafélögum í Garðabæ í janúar 2019.“

Greinargerð

Með systkinaafslætti er stigið mikilvægt skref í að minnka útgjöld barnafjölskyldna í bæjarfélaginu og er það í takt við fjölskylduvænar áherslur. Ávinningur þess að koma á systkinaafslætti felur auk þess í sér að tryggja að öll börn hafi sem jafnastan aðgang að íþrótt- og tómsundaiðkun ásamt því að fá aukin tækifæri til þess að prufa fleiri greinar. Mikilvægt er að farið verði í að leita leiða í samningaviðræðum við Stjórnuna og UMFÁ um útfærslur á systkinaafslætti á æfingagjöldum frá 5-18 ára alders. Í samanburði við nágrannasveitarfélögin þá er Garðabær eftirbátur nágrannasveitarfélaga hvað varðar systkinaafslætti og jafnframt eru æfingagjöld í hærri lagi. Það er því ljóst að með þessari breytingu myndi létta á útgjöldum barnafjölskyldna að verulegu leyti. Útfærsla systkinaafsláttar eru með ýmsu móti, í nágrannasveitarfélögum er afsláttur á bilinu 10-15%, útfærður á mismunandi vegu og því mikilvægt að koma á samræmi á milli íþróttafélaga innan sveitafélagsins hvað þetta mál varðar.

Björg Fengler, ræddi framkomna tillögu.

Gunnar Einarson, bæjarstjóri, ræddi framkomna tillögu og lagði til að vísa henni til bæjarráðs.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi að nýju framkomna tillögu.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi framkomna tillögu.

Bæjarstjórn samþykkir að vísa tillögu um systkina- og fjölgreinaafslátt til bæjarráðs.

29. 1806200 - Tillaga Garðabæjarlistans um fjölgun fulltrúa í nefnd.

Sara Dögg Svanhildardóttir, kvaddi sér hljóðs og lagði fram eftirfarandi tillögu.

„Garðabæjarlistinn leggur til að hlutfall nefndarfulltrúa milli meirihluta og minnihluta verði endurskoðað í ljósi þeirrar niðurstöðu sem fékkst með því að beita reiknireglunni d'Hondt. Niðurstaðan leiðir til mikils lýðræðishalla þar sem fjöldi nefndarmanna sem hvor listi fær er ekki í samræmi við hlutfallslega skiptingu atkvæða.

Í samræmi við jákvæðar vísbendingar frá bæjarfulltrúum Sjálfstæðisflokks varðandi áhuga á lýðræðislegri vinnubrögðum og vegna áherslna Garðabæjarlistans á virkara lýðræði er hér lagt til að tekið verði mið af hlutfallslegri skiptingu atkvæða milli framboðanna tveggja þegar ráðað verður í nefndir og bæjarráð. Þannig fái Sjálfstæðisflokkurinn úthlutað 4 fulltrúum í hverja nefnd og bæjarráð og Garðabæjarlistinn tveimur fulltrúum í hverja nefnd og í bæjarráð. Enn fremur er lagt til að formaður nefnda hafi tvöfalt atkvæðavægi svo enginn vafi liggi á hvar meirihlutinn liggur enda gengur tillagan fyrst og fremst út á aukið vægi lýðræðislegrar umræðu í nefndum og ráðum bæjarstjórnar Garðabæjar.“

Greinargerð

Við búum við meirihluta lýðræði þar sem meirihlutinn ræður. Að virkja lýðræðið enn frekar getur verið til hagsbóta og eftirbreytni fyrir samfélagið allt. Með þessari tillögu Garðabæjarlistans er lögð áhersla á aukið lýðræði í samskiptum fulltrúa bæjarstjórnar í öllum nefndum og ráðum sveitarfélagsins.

Aukið lýðræði kallar á aukið samráð. Með fjölgun fulltrúa í nefndum og bæjarráði þannig að Garðabæjarlistinn skipi tvo fulltrúa í hverri nefnd á móti fjórum fulltrúum Sjálfstæðisflokksins sjáum við fyrir okkur mikið framfara skref í auknu samtali og viðurkenningu á lýðræðislegri vinnubrögðum þar sem lýðræðið fær raunverulega aukið vægi á starfsvettvangi bæjarfulltrúa Garðabæjar.

Sigurður Guðmundsson, ræddi framkomna tillögu.

Guðfinnur G. Sigurvinnsson, ræddi framkomna tillögu.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi að nýju framkomna tillögu.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi framkomna tillögu.

Almar Guðmundsson, ræddi framkomna tillögu.

Gunnar Einarson, bæjarstjóri, ræddi framkomna tillögu.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi framkomna tillögu að nýju.

Framkomin tillaga felld með átta atkvæðum (GVG,SHJ,SG,AG,JS,BF,GE,GGS). Þrír greiddu atkvæði með tillögunni (SDS,HP,VÖW).

30. 1710169 - Niðurstöður matsnefndar um byggingu fjölnota íþróttahúss.

Gunnar Valur Gíslason, vék af fundi með vísan til reglna um hæfi bæjarfulltrúa til meðferðar og afgreiðslu mála. Sigurður Guðmundsson, varaforseti tók við stjórn fundarins.

Björg Fenger kvaddi sér hljóðs og gerði nánari grein fyrir vinnu matsnefndar og niðurstöðum nefndarinnar í alútboði um byggingu fjölnota íþróttahúss í Vetrarmýri.

Harpa Þorsteinsdóttir, kvaddi sér hljóðs um niðurstöður matsnefndar og lagði fram eftirfarandi bókun.

„Garðabæjarlistinn hefði viljað sjá raunverulega valkosti fyrr í ferlinu þar sem íbúum hefði verið gefinn kostur á að kjósa á milli tveggja valkosta. Annars vegar þann kost sem hér er til umfjöllunar og hins vegar um ódýrari leið sem þó mætti ávallt þeim skorti á aðstöðu til æfinga. Hér er um gríðarlega mikla fjármuni að ræða og Garðabæjarlistinn telur afar mikilvægt að um framkvæmdina ríki sátt í samfélaginu.“

Almar Guðmundsson, ræddi niðurstöðu matsnefndar.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi að nýju niðurstöðu matsnefndar.

Björg Fengler, ræddi að nýju niðurstöðu matsnefndar.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi að nýju niðurstöðu matsnefndar.

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri ræddi niðurstöðu matsnefndar.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða tillögu matsnefndar um að gengið verði til samninga við lægstbjóðanda ÍAV á grundvelli tilboðs félagsins, ákvæða alútboðsgagna og niðurstöðu matsnefndar um það sem betur má fara í tillögu bjóðanda.

Bæjarstjórn samþykkir jafnframt að láta fara fram mat á áhrifum fjárfestingarinnar á fjárhag bæjarins samkvæmt 66. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

31. 1707051 - Lántaka samkvæmt fjárhagsáætlun 2018.

Gunnar Valur Gíslason, tók við stjórn fundarins að nýju.

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri fylgdi úr hlaði tillögu um lántöku á fjárhæð kr. 400.000.000 hjá Lánasjóði sveitarfélaga sem tryggt verði með veði í tekjum sveitarfélagsins.

Bæjarstjórn Garðabæjar, kt. 570169-6109 samþykkir að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 400.000.000, með lokagjalddaga þann 05.04.2034, í samræmi við skilmála að lánsamningi sem liggur fyrir á fundinum og sem bæjarstjórnin hefur kynnt sér.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að til tryggingar láninu (höfuðstól, uppgreiðslugjaldi auk vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar), standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjum sínum og framlögum til sveitarfélagsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Er lánið tekið m.a. til byggingar Urriðaholtsskóla og endurnýjunar á sundlaug Garðabæjar sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Gunnari Einarssyni, bæjarstjóra, kt. 250555-4079, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Garðabæjar að undirrita lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

Tillaga um lántöku að fjárhæð kr. 400.000.000 hjá Lánasjóði sveitarfélaga er samþykkt samhljóða.

32. 1806149 - Sumarleyfi bæjarstjórnar 2018.

Með vísan til 14. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 svo og 8. gr. samþykktar um stjórn Garðabæjar nr. 773/2013 samþykkir bæjarstjórn að fella niður reglulega fundi í sumarleyfi bæjarstjórnar í júlí og til 16. ágúst 2018. Fyrsti fundur bæjarstjórnar eftir sumarleyfi verður boðaður með dagskrá sem send verður bæjarfulltrúum 14. ágúst 2018.

Bæjarstjórn samþykkir að veita bæjarráði fullt umboð til afgreiðslu mála meðan á sumarleyfi bæjarstjórnar stendur, svo sem mælt er fyrir um í 5. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarstjórnar 21. júní 2018 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Gunnar Valur Gíslason, (sign)

Sigurður Guðmundsson, (sign)

Almar Guðmundsson, (sign)

Jóna Sæmundsdóttir, (sign)

Harpa Þorsteinsdóttir, (sign)

Björg Fenger, (sign)

Gunnar Einarsson, (sign)

Guðfinnur G. Sigurvinnsson, (sign)

Valborg Ösp Á Warén, (sign)

Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)

Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
22. (1837). fundur 2018

Þriðjudaginn 26. júní 2018 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarráðs í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigurður Guðmundsson, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Jóna Sæmundsdóttir, varamaður, Sara Dögg Svanhildardóttir, varamaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Bergljót K Sigurbjörnsdóttir, félagsmálastjóri, Katrín Friðriksdóttir, forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs og Hulda Hauksdóttir upplýsinga- og menningarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, formaður.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1707051 - Málaflokkayfirlit 01.01.18 - 30.04.18.

Á fund bæjarráðs mætti Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri, og gerði grein fyrir helstu niðurstöðum í málaflokkayfirliti fyrir tímabilið 01.01.18. - 30.04.18.

2. 1805060 - Kaupún, dælustöð - Umsókn um byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Veitum ohf., kt. 501213-1870 leyfi til að byggja dælustöð í Kaupúni.

3. 1802203 - Brekkugata 8 - Umsókn um byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Fagsmíði ehf., kt. 670395-2869 leyfi til að byggja parhús að Brekkugötu 8.

4. 1802202 - Brekkugata 10 - Umsókn um byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Fagsmíði ehf., kt. 670395-2869 leyfi til að byggja parhús að Brekkugötu 10.

5. 1802201 - Brekkugata 12 - Umsókn um byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Fagsmíði ehf., kt. 670395-2869 leyfi til að byggja parhús að Brekkugötu 12.

6. 1802200 - Brekkugata 14 - Umsókn um byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Fagsmíði ehf., kt. 670395-2869 leyfi til að byggja parhús að Brekkugötu 14.

7. 1707200 - Steinás 3 - Umsókn um byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Kaffibrennslu Hafnarfjarðar ehf., kt. 681172-0179 leyfi fyrir viðbyggingu og innri breytingum við núverandi hús að Steinási 3.

8. 1804261 - Urriðaholtsstræti 28 - Umsókn um byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Urriðaholtsstræti 28 ehf., kt. 620217-0180 leyfi til að byggja fjölbýlishús með 12 íbúðum að Urriðaholtsstræti 28.

9. **1804263 - Skeiðakur 7 - Umsókn um byggingarleyfi**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Jóhanni Hauki Hafstein, kt. 020279-4949 leyfi til að byggja einbýlishús að Skeiðakri 7.

10. **1711185 - Hegranes 28 - Umsókn um byggingarleyfi**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Sigrúnu Gísladóttur, kt. 10668-3199, leyfi fyrir breytingu á innra skipulagi núverandi einbýlishúss að Hegranesi 28.

11. **1806105 - Engimýri 7 - Umsókn um byggingarleyfi**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Ýr Frisbæk, kt. 280578-2749, leyfi fyrir endurnýjun og stækkun núverandi einbýlishúss að Engimýri 7.

12. **1804190 - Bréf Lögmanna í Laugardal varðandi álagningu fasteignaskatts, dags. 01.06.18.**
Bæjarráð getur ekki fallist á að geymsluhúsnæði sem eingöngu er nýtt fyrir bifreiðar en ekki til búsetu geti talist til íbúðarhúsnæðis í skilningi a-liðar 3. mgr. 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

Bæjarráð felur bjarstjóra að svara bréfitara.

13. **1806048 - Könnun á kjörum sveitarstjórnarmanna og framkvæmdastjóra sveitarfélaga 2018.**
Lögð fram.

14. **1806080 - Ársreikningur Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu fyrir árið 2017.**
Lagður fram.

15. **1706017 - Bréf Barnaverndarstofu varðandi lóð fyrir meðferðarheimili, dags. 04.06.18.**
Bæjarráð vísar bréfinu til umfjöllunar skipulagsnefndar.

16. **1806110 - Bréf Töframáttar tónlistar um styrk, dags. 28.05.18.**
Bæjarráð vísar bréfinu til afgreiðslu menningar- og safnanefndar.

17. **1806111 - Bréf Íslenskrar orkumiðlunar varðandi raforkukaup Garðabæjar, dags. 04.06.18.**
Bæjarráð felur bjarstjóra að svara bréfitara.

18. **1804092 - Tillaga skólanefndar Tónlistarskóla Garðabæjar varðandi gjaldskrá fyrir skólaárið 2018-2019.**
Bæjarráð samþykkir tillögu skólanefndar um gjaldskrá Tónlistarskóla Garðabæjar fyrir skólaárið 2018-2019.

19. **1711191 - Bréf mennta- og menningarmálaráðuneytis varðandi úttekt á starfsemi Flataskóla, dags. 06.06.18.**
Lagt fram.

20. 1601493 - Bréf Hilde Berit Hundstuen varðandi hraðahindrun í Hraunhólum, dags. 06.05.16. móttekið. 11.06.18.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að ræða við bréfitara og svara erindinu.

21. 1805288 - Bréf Hilde Berit Hundstuen varðandi skráningu fasteignar, dags. 05.06.17. móttekið 11.06.18.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að ræða við bréfitara og svara erindinu.

22. 1612111 - Úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála varðandi byggingu á Hliðsnesi, dags. 11.06.18.

Lagður fram.

23. 1806183 - Samningur Garðabæjar og AF JCD um götugögn (strætóskýli).

Afgreiðslu frestað.

24. 1611104 - Bréf Landsnets hf. um afturköllun á framkvæmdaleyfi, dags. 19.06.18.

Lagt fram.

25. 1710028 - Niðurstaða dómnefndar varðandi aðstöðu fyrir heilsurækt í Ásgarði, dags. 21.06.18.

Lögð fram niðurstaða dómnefndar sem bæjarráð skipaði til að annast viðræður við þátttakendur, sem valdir voru í forvali um uppbyggingu, rekstur, fjármögnun og byggingar aðstöðu til heilsuræktar í Ásgarði.

Dómnefndin hefur farið yfir tillögur frá eftirfarandi aðilum:

Sporthöllin ehf. (Sporthúsið)

Laugar ehf. (World Class)

RFC ehf. (Reebook Fitness Center)

Bæjarráð samþykkir tillögu dómnefndar um að tveimur aðilum, Sporthöllinni ehf. og Laugum ehf. verði gefinn kostur á áframhaldandi þátttöku með því að skila inn tilboði á grundvelli þeirra hugmynda sem settar hafa verið fram á fyrra stigi.

26. 1806201 - Tillaga Garðabæjarlistans um systkina- og fjölgreinaafslátt

Bæjarráð vísar tillögunni til umfjöllunar íþróttá- og tómsundaráðs.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 26. júní 2018 upplestin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)

Sigurður Guðmundsson, (sign)

Almar Guðmundsson, (sign)

Jóna Sæmundsdóttir, (sign)

Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
23. (1838). fundur 2018

Þriðjudaginn 3. júlí 2018 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarráðs í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir aðalmaður, Sigurður Guðmundsson aðalmaður, Almar Guðmundsson aðalmaður, Ingvar Arnarson aðalmaður, Guðjón Erling Friðriksson bæjarritari, Eysteinn Haraldsson bæjarverkfræðingur og Bergljót K Sigurbjörnsdóttir félagsmálastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1710144 - Brekkugata 4 - Umsókn um byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita RK bygg ehf., kt. 560916-1830 leyfi til að byggja einbýlishús á lóðinni að Brekkugötu 4.

2. 1801143 - Brekkugata 6 - Umsókn um byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita RK bygg ehf., kt. 560916-1830 leyfi til að byggja einbýlishús á lóðinni að Brekkugötu 6.

3. 1806057 - Brekkugata 16 - Umsókn um byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita RK bygg ehf., kt. 560916-1830 leyfi til að byggja raðhús á lóðinni að Brekkugötu 16.

4. 1806056 - Brekkugata 18 - Umsókn um byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita RK bygg ehf., kt. 560916-1830 leyfi til að byggja raðhús á lóðinni að Brekkugötu 18.

5. 1806064 - Brekkugata 20 - Umsókn um byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita RK bygg ehf., kt. 560916-1830 leyfi til að byggja raðhús á lóðinni að Brekkugötu 20.

6. 1801047 - Dýjagata 14 (áður Dýjagata 16) - Umsókn um byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Björgu Jónsdóttur, kt. 081054-5179 leyfi til að byggja einbýlishús á lóðinni að Dýjagötu 16.

7. 1710120 - Haustakur 1- Afturköllun umsóknar um byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afturköllun umsóknar um byggingarleyfi og fellir álögd gjöld niður.

8. 1805133 - Sjónarvegur 2 - Umsókn um byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita H.S.H. byggingameisturum ehf., kt. 681096-2059 leyfi til að byggja parhús á lóðinni að Sjónarvegi 2.

9. 1805132 - Sjónarvegur 4 - Umsókn um byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita H.S.H. byggingameisturum ehf., kt. 681096-2059, leyfi til að byggja parhús á lóðinni að Sjónarvegi 4.

- 10. 1804319 - Vinastræti 12-14 - Umsókn um byggingarleyfi**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita ÞG íbúðum, kt. 600115-0220 leyfi til að byggja fjölbýlishús með 18 íbúðum á lóðinni að Vinastræti 12-14.
- 11. 1702322 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á deiliskipulagi Bessastaða.**
Lögð fram.
- 12. 1802322 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um byggingu reiðskemmu á félagssvæði Hestamannafélagsins Sóta.**
Bæjarráð samþykkir tillögu skipulagsnefndar að umsókn um byggingarleyfi vegna reiðskemmu á félagssvæði Sóta verði grenndarkynnt samkvæmt 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
- 13. 1802063 - Afgreiðsla skipulagsnefndar um umsókn um breytingu á deiliskipulagi Túnahverfis á Álftanesi.**
Bæjarráð samþykkir tillögu skipulagsnefndar að hafna umsókn lóðarhafa að Blátúni 5 um breytingu á deiliskipulagi Túnahverfis á Álftanesi þar sem farið er fram á að breyta notkun bílskúrs.
- 14. 1612146 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi frágang gagna vegna nýs deiliskipulags Arnarness.**
Lögð fram.
- 15. 1806437 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Smiðsbúðar og Iðnbúðar.**
Bæjarráð samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að fram fari grenndarkynning vegna óverulegrar breytingar á deiliskipulagi Iðnbúðar og Smiðsbúðar í tilefni umsóknar lóðarhafa að Smiðsbúð 6 um stækkun byggingarreits 2, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. mgr. 44. gr. sömu laga.
- 16. 1804129 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Bæjargarðs.**
Bæjarráð samþykkir tillögu skipulagsnefndar að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi bæjargarðs samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga, þar sem gert verður ráð fyrir sex ljósamöstrum allt að 9,15 metra háum við nýjan gervigrasvöll í bæjargarði.
- 17. 1806404 - Afgreiðsla skipulagsnefndar um framkvæmdaleyfi fyrir lagningu stofnstígs í Garðahrauni efra sunnan Flata.**
Bæjarráð samþykkir tillögu skipulagsnefndar um lagningu stofnstígs í Garðahrauni efra frá núverandi stíg að Bæjargarði. Lagning stígsins er í samræmi við skipulagsskilmála með óverulegum tilfærslum til að hann liggi sem best í landinu.
- Sækja skal um leyfi Umhverfisstofnunar vegna framkvæmda í friðlýstu landi sbr. ákvæði náttúrverndarlaga nr. 60/2013.

- 18. 1805268 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Silfurtúns.**
Bæjarráð samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að fram fari grenndarkynning vegna óverulegrar breytingar á deiliskipulagi Silfurtúns í tilefni umsóknar lóðarhafa að Goðatúni 19 um stækkun byggingareits, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. mgr. 44. gr. sömu laga. Bæjarráð samþykkir tillögu skipulagsnefndar að hafna umsókn lóðarhafa um breytingu á hámarkshæð samkvæmt skilmálum.
- 19. 1804311 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um heimild fyrir gistiaðstöðu að Bólstað.**
Lögð fram.
- 20. 1804200 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um breytingu á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts.**
Lögð fram.
- 21. 1806013 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi lýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, Sundahöfn.**
Lögð fram.
- 22. 1805167 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi lýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, KR-svæði.**
Lögð fram.
- 23. 1805169 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi lýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, Sjómannaskólareitur og Veðurstofuhæð.**
Lögð fram.
- 24. 1806438 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, iðnaður og önnur landfrek starfsemi.**
Lögð fram.
- 25. 1806183 - Samningur um götugögn (strætóskýli)**
Bæjarráð samþykkir samninginn fyrir sitt leyti enda hefur verið gert ráð fyrir kostnaðarþátttöku AFA JCDECAUX vegna breytinga í tengslum við færslu strætóskýla með tilkoma borgarlínu.
- 26. 1804348 - Samkomulag um matslýsingu vegna mats á landi Kirkjubrúar.**
Bæjarráð samþykkir matslýsingu vegna mats á landi Kirkjubrúar en lýsingunni kemur fram að hvorugur aðili er bundinn af niðurstöðu matsins.
- 27. 1806453 - Útboð - Vetrarþjónusta göngu- og hjólaleiða í Garðabæ 2018-2021.**
Við opnun tilboða sem fór fram þriðjudaginn 26. júní sl. voru lögð fram eftirfarandi tilboð.
- | | |
|----------------------|----------------|
| Hreinsitækni ehf. | kr. 42.474.000 |
| Íslenska Gámafélagið | kr. 67.500.000 |
| Kostnaðaráætlun | kr. 39.900.000 |

Fyrir liggur að röng dagsetning var tilgreind í auglýsingu útboðsins hvað varðar tímasetningu á opnun tilboða í en þar kom fram að opnum færi fram 16. júní en ekki 26. júní eins og tilgreint var í útboðsgögnum.

Bæjarráð samþykkir með vísan til ágalla í auglýsingu, og að öðru leyti við framkvæmd útboðsins, að hafna öllum tilboðum og auglýsa útboðið að nýju.

Þjóðendum skal tilkynnt um ágalla við framkvæmd uppboðsins og þeir upplýstir um að útboðið verði auglýst að nýju. Jafnframt skulu þeir hvattir til að senda inn tilboð í kjölfar nýrrar auglýsingar.

28. 1806471 - Tilkynning samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis varðandi ný lög um lögheimili, dags. 29.06.18.

Lögð fram.

29. 1806461 - Minnisblað Sambands íslenkra sveitarfélaga um forsendur fyrir vinnslu fjárheimilda ársins 2019 og fjárhagsáætlana þriggja ára, dags. 29.06.18.

Lagt fram.

30. 1806441 - Bréf íbúa í Kjarrmóum varðandi hugmynd um að gera götuna að vistgötu, dags. 28.06.18.

Bæjarráð vísar bréfinu til nánari skoðunar bæjarstjóra og tækni- og umhverfisviðs.

31. 1806477 - Bréf Urriðaholts varðandi umsókn um leyfi til landmótunar lóða í austurhluta Urriðaholts, dags. 25.06.18.

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við að hafnar verði jarðvegsframkvæmdir og landmótun á lóðum í austurhluta Urriðaholts og vísar í því sambandi til 2. mgr. gr. 2.4.4. í byggingarreglugerð nr. 112/2012 ásamt því að benda á að framkvæmdin er í samræmi við skilmála aðalskipulags Garðabæjar og rammaskipulags um uppbyggingu í Urriðaholti.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 3. júlí 2018 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Sigurður Guðmundsson, (sign)
Almar Guðmundsson, (sign)
Ingvar Arnarson, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
24. (1839). fundur 2018

Þriðjudaginn 10. júlí 2018 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarráðs í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Sigríður Hulda Jónsdóttir, varaformaður, Sigurður Guðmundsson, aðalmaður, Jóna Sæmundsdóttir, varamaður, Björg Fenger, varamaður, Ingvar Arnarson, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Bergljót K Sigurbjörnsdóttir, félagsmálastjóri, Katrín Friðriksdóttir, forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs og Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

- 1. 1806030 - Bréf Félags eldri borgara í Garðabæ um samstarf um heilsueflingu, 31.05.18.**
Bæjarráð vísar bréfinu til umfjöllunar fjölskylduráðs og íþrótt- og tómstundaráðs.
- 2. 1806407 - Umsóknir starfsmanna á leik- og grunnskólum um styrki til að stunda háskólanám með vinnu.**
Bæjarráð samþykkir umsóknir eftirfarandi starfsmanna leik- og grunnskóla um vinnuafslátt skólaárið 2018-2019 til að stunda námslotur í fjarnámi við Háskóla Íslands.

Helga Linnet, sérkennslustjóri á Holtakoti.
Hjördís Skúladóttir, leiðbeinandi á Ökrum.
Ljósbrá Dögg Ragnarsdóttir, leiðbeinandi á Hæðarbóli.
Anna María Snorraddóttir, stuðningsfulltrúi í Hofsstaðaskóla.
Magnús Anna Arnardóttir, stuðningsfulltrúi í Hofsstaðaskóla.
Vala Ósk Ásbjörnsdóttir, forstöðumaður tómstundaheimilis Hofsstaðaskóla.
- 3. 1606329 - Bréf Gunnars H. Jónssonar varðandi gatnamót Herjólfsbrautar og gamla Álftanesvegar, dags. 24.06.18.**
Bréfið er lagt fram og bæjarstjóra falið að svara bréfitara.
- 4. 1807047 - Tilkynning frá Sambandi ísl. sveitarfélaga um forgangsöröðun heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna, dags. 03.07.18.**
Lögð fram og vísað til umfjöllunar viðeigandi nefnda.
- 5. 1807043 - Útboð - Urriðaholt, Malbikun göngustíga**
Eftirfarandi tilboð bárust í verkið Urriðaholt, malbikun göngustíga.

Tilboðsverð eftir yfirferð.

Háfell ehf.	kr. 43.678.500
Tinnuberg ehf.	kr. 105.475.000
Stálborg ehf.	kr. 78.481.000
Gott Verk ehf.	kr. 51.270.000
Kostnaðaráætlun	kr. 46.777.500

Bæjarráð samþykkir að taka tilboði Háfells ehf. með fyrirvara um að uppfylltir séu allir skilmálar útboðsins og felur bæjarverkfræðingi afgreiðslu málsins. Vakin er athygli á að samkvæmt 86. gr. laga um opinber innkaup þarf að líða 5 daga biðtími frá ákvörðun um töku tilboðs til gerðar samnings.

6. 1807042 - Útboð - Urriðaholt, Malbikun gatna
Eftirfarandi tilboð bárust í verkið Urriðaholt, malbikun gatna.

Tilboðsverð eftir yfirferð.

Háfell ehf.	kr. 92.664.000
Loftorka Reykjavík ehf.	kr. 98.382.000
Fagverk Verktakar ehf.	kr. 129.765.000

Kostnaðaráætlun kr.	131.283.500
---------------------	-------------

Bæjarráð samþykkir að taka tilboði Háfells ehf. með fyrirvara um að uppfylltir séu allir skilmálar útboðsins og felur bæjarverkfræðingi afgreiðslu málsins. Vakin er athygli á að samkvæmt 86. gr. laga um opinber innkaup þarf að líða 5 daga biðtími frá ákvörðun um töku tilboðs til gerðar samnings.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 10. júlí 2018 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)

Sigurður Guðmundsson, (sign)

Jóna Sæmundsdóttir, (sign)

Björg Fenger, (sign)

Ingvar Arnarson, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
25. (1840). fundur 2018

Þriðjudaginn 17. júlí 2018 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarráðs í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigurður Guðmundsson, aðalmaður, Jóna Sæmundsdóttir, varamaður, Gunnar Einarsson, varamaður, Ingvar Arnarson, aðalmaður, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Bergljót K Sigurbjörnsdóttir, félagsmálastjóri og Hulda Hauksdóttir upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1803133 - Brekkugata 22 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita RK bygg ehf., kt. 560916-1830, leyfi til að byggja parhús á lóðinni að Brekkugötu 22.

2. 1803139 - Brekkugata 24 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita RK bygg ehf., kt. 560916-1830, leyfi til að byggja parhús á lóðinni að Brekkugötu 24.

3. 1711185 - Hegranes 28 - Afturköllun umsóknar um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afturköllun umsóknar um byggingarleyfi og eru álögð gjöld felld niður.

4. 1712159 - Hraungata 20 (áður 22) - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita SK30 ehf., kt. 561215-2510, leyfi til að byggja einbýlishús á lóðinni að Hraungötu 20.

5. 1707200 - Steinás 3 - Afturköllun umsóknar um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afturköllun umsóknar um byggingarleyfi og eru álögð gjöld felld niður.

6. 1807114 - Þórsmörk - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa á móttöku reyndarteikninga sem sýna breytingar á innra skipulagi húsnæðis vegna starfsemi Alþjóðaskólans á Íslandi.

7. 1806306 - Afgreiðsla umhverfisnefndar og skipulagsnefndar varðandi breytingar á mörkum fólkvangs að Hliði á Álftanesi.

Bæjarráð samþykkir tillögu um breytingu á mörkum friðlýsts svæðis Hliðs á Álftanesi en svæðið var friðlýst sem fólkvangur með auglýsingu umhverfisráðherra nr. 549 frá 5. júlí 2002.

Bæjarráð samþykkir að fela skipulagsnefnd og umhverfisnefnd að vinna að gerð endanlegrar tillögu í samráði við umhverfisstofnun á grundvelli nügildandi laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

8. 1806475 - Tillaga umhverfisnefndar um veitingu viðurkenninga fyrir snyrtilegt umhverfi árið 2018.

Bæjarráð samþykkir tillögu umhverfisnefndar um viðurkenningar fyrir snyrtilegt umhverfi 2018.

9. **1807110 - Bréf Alþjóðaskóla Íslands varðandi stöðuleyfi fyrir bráðabirgðahús, dags. 09.07.18.**
Bæjarráð frestar afgreiðslu og vísar málinu til nánar skoðunar bæjarstjóra.

10. **1806404 - Bréf Umhverfisstofnunar varðandi framkvæmdaleyfi fyrir lagningu stofnstígs í Garðahrauni efra sunnan Flata, dags. 12.07.18.**

Lagt fram bréf Umhverfisstofnunar þar sem fram kemur að stofnunin heimilar ekki að farið verði í framkvæmdir við lagningu stígsins að svo stöddu þar sem deiliskipulag fyrir allt Garðahraun liggur ekki fyrir.

Bæjarráð vísar málinu til skipulagsnefndar.

11. **1807113 - Bréf íbúa Urriðaholts varðandi GSM senda í Urriðaholti, dags. 10.07.18.**

Bæjarráð vísar bréfinu til nánari skoðunar bæjarstjóra og tækni- og umhverfissviðs.

Bæjarráð bendir á að í deiliskipulagi Urriðaholts er gert ráð fyrir að ákveðnar lóðir verði nýttar fyrir fjarskiptastarfsemi.

12. **1803067 - Framlög til stjórnáttáttaka 2018 (síðari hluti).**

Samkvæmt fjárhagsáætlun 2018 nemur framlag til stjórnáttáttakaflokka kr. 3.500.000.

Á fyrri hluta ársins kom til greiðslu framlags að fjárhæð kr. 1.604.167.

Bæjarráð samþykkir að á síðari hluta ársins komi til greiðslu framlag að fjárhæð kr. 1.895.833 sem skiptist með eftirfarandi hætti.

Sjálfstæðisfélag Garðabæjar	kr. 1.212.796
Bæjarmálaafli Garðabæjar	kr. 550.145
Miðflokkurinn	kr. 132.892

13. **1711138 - Drög að persónuverndarstefnu Garðabæjar.**

Bæjarráð samþykkir persónuverndarstefnu Garðabæjar til að gilda samkvæmt lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsingar.

Bæjarstjóri upplýsti að Eva Ósk Ármannsdóttir, skjalastjóri hefur verið tilnefnd til bráðabirgða sem persónufulltrúi Garðabæjar og verður tilkynning um tilnefninguna send Persónuvernd í samræmi við 7. tl. 37. gr. persónuverndarreglugerðarinnar.

14. **1801026 - Bréf umboðsmanns Alþingis varðandi álit í tilefni af frumkvæðisathugun vegna húsnæðisvanda utangarðsfólks í Reykjavík, dags. 06.07.18.**

Bæjarráð vísar bréfinu til umfjöllunar fjölskylduráðs.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 17. júlí 2018 upplestin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)

Sigurður Guðmundsson, (sign)

Jóna Sæmundsdóttir, (sign)

Gunnar Einarsson, (sign)

Ingvar Arnarson, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
26. (1841). fundur 2018

Þriðjudaginn 24. júlí 2018 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarráðs í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Sigurður Guðmundsson, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Gunnar Valur Gíslason, varamaður, Jóna Sæmundsdóttir, varamaður, Ingvar Arnarson, aðalmaður, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur og Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón E. Friðriksson bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1806011 - Víkurgata 11-Umsókn um byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Guðbjörgu Elínu Ragnarsdóttur, kt. 060660-4259, leyfi til að byggja einbýlishús á lóðinni við Víkurgötu 11.

2. 1601493 - Bréf Hilde Hundstuen varðandi hraðahindrun í Hraunhólum, dags. 06.07.18.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að svara bréfinu.

3. 1805288 - Bréf Hilde Hundstuen varðandi skráningu fasteignar við Hraunhóla 4a, dags. 06.07.18.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að svara bréfinu.

4. 1807126 - Bréf Skóla Ísaks Jónssonar varðandi samning um þjónustu frístundar fyrir nemendur úr Garðabæ, dags. 13.07.18.

Bæjarráð vísar bréfinu til fræðslu- og menningarsviðs.

5. 1807130 - Umsagnarbeiðni vegna umsóknar um leyfi fyrir gististað að Bólstað.

Bæjarráð telur rétt áður en veitt er umsögn í málinu að umsóknina verði kynnt fyrir húseigendum við Marargrund 12, 14, 16, og 18 og einnig eigendum húsanna Hellu og Markar. Gefa skal tilgreindum aðilum kost á að tjá sig um umsóknina innan eðlilegs frests.

6. 1512209 - Bréf Umhverfisstofnunar varðandi aðgerðaráætlun í kjölfar hávaðakortlagningar, dags. 16.07.18.

Bæjarverkfræðingur gerði grein fyrir vinnu við gerð aðgerðaráætlunar þar sem fram munu kom tillögur um einstaka aðgerðir og áhrif þeirra.

7. 1806112 - Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga um boðun XXXII. landsþings sveitarfélaga, dags. 20.07.18.

Lagt fram.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 24. júlí 2018 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Sigurður Guðmundsson, (sign)

Almar Guðmundsson, (sign)

Gunnar Valur Gíslason, (sign)

Jóna Sæmundsdóttir, (sign)

Ingvar Arnarson, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
27. (1842). fundur 2018

Þriðjudaginn 31. júlí 2018 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarráðs í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Jóna Sæmundsdóttir, varamaður, Sara Dögg Svanhildardóttir, varamaður, Gunnar Einarsson, bjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Bergljót K Sigurbjörnsdóttir, félagsmálastjóri og Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1710028 - Tillaga um skilmála vegna tilboða um uppbyggingu heilsuræktar í Ásgarði.

Farið yfir skilmála tilboðs um uppbyggingu heilsuræktar í íþróttmiðstöðinni Ásgarði en á fundi bæjarráðs sem haldinn var 26. júní sl. var samþykkt að gefa Sporthöllinni ehf. og Laugum ehf. kost á að gefa tilboð í verkefnið.

Bæjarráð samþykkir skilmálana með minniháttar breytingum. Frestur til að skila tilboðum er til 21. ágúst 2018.

2. 1807110 - Bréf Alþjóðaskólans á Íslandi varðandi stöðuleyfi fyrir bráðabirgðahús, dags. 26.07.18.

Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti að veita stöðuleyfi til allt að 24 mánaða fyrir bráðabirgðahús á lóð Þórsmerkur. Bæjarráð vísar umsókninni til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Bæjarráð felur bjarstjóra að hefja viðræður við Alþjóðaskólann á Íslandi um framtíðaruppbyggingu á starfsemi skólans á svæðinu við Þórsörk.

3. 1807225 - Umsókn Víðis Hólms um styrk fyrir kvikmyndaverkefni, dags. 27.07.18.

Bæjarráð vísar umsókninni til afgreiðslu menningar- og safnanefndar.

4. 1807227 - Tilkynning frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu varðandi drög að frumvarpi um nýja stofnun verndarsvæða, dags. 27.07.18.

Bæjarráð vísar málinu til kynningar í umhverfisnefnd.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 31. júlí 2018 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)

Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)

Almar Guðmundsson, (sign)

Jóna Sæmundsdóttir, (sign)

Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
28. (1843). fundur 2018

Þriðjudaginn 14. ágúst 2018 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarráðs í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Sigurður Guðmundsson, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Jóna Sæmundsdóttir, varamaður, Ingvar Arnarson, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Bergljót K Sigurbjörnsdóttir, félagsmálastjóri og Katrín Friðriksdóttir forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

- 1. 1802014 - Vinastræti 6-8 (6-10) - Umsókn um byggingarleyfi**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita ÞG - íbúðum, kt. 600115-0220 leyfi til að byggja fjölbýlishús með 31 íbúð að Vinastræti 6-8.
- 2. 1806168 - Urriðaholtsstræti 34 - Umsókn um byggingarleyfi**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita HK - húsum ehf., kt. 491116-0990 leyfi til að byggja fjölbýlishús með 15 íbúðum að Urriðaholtsstræti 34.
- 3. 1808047 - Bréf Skógræktarfélags Garðabæjar varðandi samstarf um mat á verðgildi Smalaholts, 01.08.18.**
Bæjarráð tekur undir sjónarmið félagsins um að fram fari samstarf við mat á skógrækt í Smalaholti komi til skerðingar á svæðinu vegna skipulagsbreytinga.
Bæjarráð telur að á meðan ekki liggja fyrir ákvarðanir um skipulag svæðisins geti það ekki talist tímabært að meta verðgildi skógræktar á svæðinu.
- 4. 1611104 - Erindi Landsnets um afturköllun á framkvæmdaleyfi vegna Lyklafellslínu, dags. 19.06.18.**
Bæjarráð samþykkir að verða við kröfu Landsnets hf. um afturköllun framkvæmdaleyfis fyrir Lyklafellslínu innan lögsögu Garðabæjar sem samþykkt á fundi bæjarstjórnar Garðabæjar 7. desember 2017.
- 5. 1807258 - Bréf framkvæmdastjóra öldrunar- og heimaþjónustu og umsjónarmanns félags- og íþróttastarf varðandi umsókn um vínveitingaleyfi í Jónshúsi, dags. 07.08.18.**
Bæjarráð samþykkir að sótt verði um vínveitingaleyfi fyrir Jónshús ? félagsmiðstöð eldri borgara í Garðabæ. Í bréfinu kemur fram að stjórn félags eldri borgara í Garðabæ er meðmælt umsókninni og eins hafa gestir í Jónshúsi komið á framfæri beiðni um að sótt verði um vínveitingaleyfi eins og víða hefur verið gert í félagsmiðstöðvum eldri borgara.
- 6. 1804129 - Erindi Björgvins Sigurðssonar um framlengingu athugasemdarfrests vegna auglýsingar á tillögu um breytingu á deiliskipulagi Bæjargarðs.**
Bæjarráð telur ekki tilefni til framlengingar á fresti til athugasemda samkvæmt auglýsingu um tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Bæjargarð þar sem gerð er grein fyrir sex 9,15 metra háum ljósamöstrum við íþróttavöll. Umrædd tillaga að breytingu er í samræmi við það sem áður

hefur verið kynnt um lýsingu vallarins og er lögð fram til að taka af allan vafa um gildi framkvæmda við uppsetningu lýsingar.

Athugasemdum málaðila er vísað til skipulagsnefndar í samræmi við efni auglýsingar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi bæjargarðs, samkvæmt 1. mgr. 43. gr. sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að boða til fundar með málsaðila.

7. 1805051 - Bréf GKG varðandi uppbyggingu á golfsvæði við Vífilsstaði, dags. 08.08.18.

Bæjarráð tekur jákvætt í að veita golfklúbbum heimild til að hefja vinnu við hönnun á viðbyggingu og vísar bréfinu til nánari skoðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árin 2019 og 2020.

8. 1802336 - Tillaga um niðurrif húsa við Lækjarfit.

Bæjarráð samþykkir að fram fari útboð vegna niðurifa á þremur húsum í eigu bæjarins við Lækjarfit 3, 5 og 7.

9. 1808083 - Umsagnarbeiðni vegna kröfu um aftuköllun á rekstrarleyfi veitingastaðar að Garðatorgi 4.

Bæjarráð samþykkir að fela bæjarstjóra að afla upplýsinga um málið hjá heilbrigðisnefnd ásamt því að kanna hjá rekstraraðila og húseiganda varðandi mögulegar úrbætur á húsnæðinu.

10. 1806154 - Samningur um ráðningarkjör bæjarstjóra.

Bæjarráð samþykkir með fjórum atkvæðum (SHJ,SG,AG,JS) samning um ráðningarkjör bæjarstjóra.

Ingvar Arnarson situr hjá.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 14. ágúst 2018 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bjarfulltrúa.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)

Sigurður Guðmundsson, (sign)

Almar Guðmundsson, (sign)

Jóna Sæmundsdóttir, (sign)

Ingvar Arnarson, (sign)

Tillaga lögð fram á bæjarstjórnarfundi 16. ágúst 2018
Flutningsaðili: Ingvar Arnarson

Breyting á ráðningarsamningi bæjarstjóra

Garðabæjarlistinn leggur til að 5. grein samnings sem fjallar um bifreiðahlunnindi bæjarstjóra verði felld út.

Greinargerð

Garðabæjarlistinn telur að hér sé um óþarfa aukakostnað fyrir skattgreiðendur í Garðabæ og að launagreiðslur til bæjarstjóra dugi vel fyrir rekstri á bifreið.

Varatillaga ef fyrri tillaga er felld

Breyting á ráðningarsamningi bæjarstjóra

Garðabæjarlistinn leggur til að 5. grein samnings sem fjallar um bifreiðahlunnindi bæjarstjóra verði breytt í eftirfarandi: *Garðabær lætur bæjarstjóra í té rafmagns bifreið vegna starfsins og greiðir af henni allan rekstrarkostnað. Bæjarstjóra eru heimil einkaafnot af bifreiðinni og greiðir skatta vegna þeirra samkvæmt reglum ríkisskattstjóra um hlunnindamat.*

Greinargerð

Garðabæjarlistinn telur mikilvægt að fylgja umhverfisstefnu bæjarins og sé mikilvægt að breyta þessari grein. Við viljum að bæjarstjóri fari fyrir með góðu fordæmi og noti umhverfisvænan samgöngumáta.

Tillaga lögð fram á bæjarstjórnarfundi 16. ágúst 2018
Flutningsaðili: Ingvar Arnarson

Breyting á ráðningarsamningi bæjarstjóra

Garðabæjarlistinn leggur til að 9. grein samnings verði breytt í eftirfarandi: *Laun samkvæmt 2. tl., skulu greidd í sex mánuði eftir að starfi lýkur.*

Greinargerð:

Það er nokkuð ljóst að yfirvinnu þarf ekki að greiða eftir að starfi lýkur og teljum við í Garðabæjarlistanum að þarna sé óvarlega farið með skattþening Garðbæinga.

Fjölskylduráð Garðabæjar
6. fundur 2018

Fimmtudaginn 14. júní 2018 kl. 15:00 kom fjölskylduráð Garðabæjar saman til fundar í turnherbergi 3. hæð á bæjarskrifstofunum við Garðatorg.

Fundinn sátu: Sturla D Þorsteinsson formaður, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir varamaður, Bjarndís Lárusdóttir aðalmaður, Sigríður Finnbjörnsdóttir varamaður, Harpa Guðný Hafberg aðalmaður, Bergljót K Sigurbjörnsdóttir félagsmálastjóri og Thelma Björk Guðbjörnsdóttir félagsráðgjafi.

Fundargerð ritaði: Bergljót Sigurbjörnsdóttir félagsmálastjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1802118 - Barnaverndarmál

Tekið er fyrir mál nr. 1802118 - barnaverndarmál. Fjölskylduráð fjallar um málið. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundargerðar.

2. 1802114 - Barnaverndarmál

Tekið er fyrir mál nr. 1802114 - barnaverndarmál. Fjölskylduráð fjallar um málið. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundargerðar.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Fjölskylduráð Garðabæjar
7. fundur 2018

Fimmtudaginn 26. júlí 2018 kl. 16:00 kom fjölskylduráð Garðabæjar saman til fundar í turnherbergi 3. hæð á bæjarskrifstofunum við Garðatorg.

Fundinn sátu: Almar Guðmundsson aðalmaður, Sigprúður Ármann aðalmaður, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir aðalmaður, Guðfinna Eyrún Ingjaldsdóttir aðalmaður, Snædís Björnsdóttir og Hildigunnur Árnadóttir félagsráðgjafi.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Árnadóttir yfirfélagsráðgjafi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1802118 - Barnaverndarmál

Tekið er fyrir nr. 1802118 - barnaverndarmál. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundargerðar.

2. 1802114 - Barnaverndarmál

Tekið er fyrir nr. 1802114 - barnaverndarmál. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundargerðar.

3. 1803373 - Umsókn um leyfi sem stuðningsfjölskylda

Tekið er fyrir mál nr. 1803373 umsókn um leyfi sem stuðningsfjölskylda. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundargerðar.

4. 1804321 - Beiðni um endurnýjun leyfis fyrir stuðningsfjölskyldu

Tekið er fyrir mál nr. 1804321 beiðni um endurnýjun leyfis fyrir stuðningsfjölskyldu. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundargerðar.

5. 1806065 - Aðgerðir til að endurvekja traust og trúnað í málaflokki barnaverndar á Íslandi

Bréf frá Velferðarráðuneyti dags. 1. júní 2018 lagt fram til kynningar. Í erindinu upplýsir ráðuneytið um þær aðgerðir sem ákveðið hefur verið að grípa til með því markmiði að endurvekja traust og trúnað innan málaflokks barnaverndar á Íslandi. Bréfið er lagt fram og rætt.

6. 1806030 - Samstarf um heilsueflingu við FEBG

Tekið er fyrir mál nr. 1806030. Hinn 10.7. 2018 vísaði bæjarráð Garðabæjar erindi FEBG varðandi ósk um samstarf félagsins og Garðabæjar við Janus heilsueflingu til umfjöllunar hjá fjölskylduráði. Fjölskylduráð fjallar um erindið. Ráðið tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í bréfi FEBG um mikilvægi þeirra forvarna sem felast í þjálfunartengdri heilsueflingu þar sem skipulögð hreyfing kemur í stað kyrrsetu og telur áhugavert að kannaðir séu nánar möguleikar á umræddu samstarfi. Fjölskylduráð mun kalla eftir frekari upplýsingum um verkefnið og vinna málið áfram í samstarfi við Íþróttá- og tómsundaráð.

7. 1807047 - Forgangsmarkmið samþykkt vegna heimsmarkmiðanna

Tekið er fyrir mál nr. 1807047. Bæjarráð Garðabæjar vísaði dags.10.7. 2018 til umfjöllunar hjá fjölskylduráði og fleiri nefndum tilkynningu Sambandsins um tillögur verkefnastjórnar að forgangsröðun á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna sem ríkisstjórn Íslands samþykkti nýlega.

Fram kemur í tilkynningunni að endanlegar ákvarðanir um aðkomu sveitarstjórnarstigsins að verkefninu verða teknar á næsta landsþingi sveitarfélaga. Fjölskylduráð fjallar um málið sem verður tekið fyrir að nýju síðar.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Fjölskylduráð Garðabæjar
8. fundur 2018

Fimmtudaginn 9. ágúst 2018 kl. 16:00 kom fjölskylduráð Garðabæjar saman til fundar í turnherbergi 3. hæð á bæjarskrifstofunum við Garðatorg.

Fundinn sátu: Almar Guðmundsson formaður, Sigprúður Ármann aðalmaður, Guðfinna Eyrún Ingjalbsdóttir aðalmaður, Eymundur Sveinn Einarsson varamaður, Kristinn Guðlaugsson varamaður, Bergljót K Sigurbjörnsdóttir félagsmálastjóri, Hildigunnur Árnadóttir félagsráðgjafi og Thelma Björk Guðbjörnsdóttir félagsráðgjafi.

Fundargerð ritaði: Bergljót Sigurbjörnsdóttir félagsmálastjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1802118 - Barnaverndarmál

Tekið er fyrir mál nr. 1802118 - barnaverndarmál.
Fjölskylduráð fjallar um málið. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundargerðar.

2. 1802114 - Barnaverndarmál

Tekið er fyrir mál nr. 1802114 - barnaverndarmál.
Fjölskylduráð fjallar um málið. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundargerðar.

3. 1801026 - Húsnæðisvandi utangarðsfólks

Tekið er fyrir mál nr. 1801026 bréf umboðsmanns Alþingis varðandi frumkvæðisathugun hans á húsnæðisvanda utangarðsfólks, en bæjarráð Garðabæjar vísaði bréfinu til umfjöllunar fjölskylduráðs.
Fjölskylduráð reifar málið en ákveðið er að taka það fyrir aftur síðar.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Leikskólanefnd Garðabæjar

1. fundur 2018

Fimmtudaginn 9. ágúst 2018 kl. 17:00 kom leikskólanefnd Garðabæjar saman til fundar í turnherbergi 3. hæð á bæjarskrifstofunum við Garðatorg.

Fundinn sátu: Kristjana F Sigursteinsdóttir aðalmaður, María Guðjónsdóttir aðalmaður, Torfi Geir Símonarson aðalmaður, Guðlaugur Kristmundsson aðalmaður, Valborg Ösp Á. Warén aðalmaður, Halldóra Pétursdóttir verkefnastjóri, Katrín Friðriksdóttir forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs, Anna Kristborg Svanlaugsdóttir fulltrúi starfsmanna, Ragnhildur Skúladóttir fulltrúi leikskólastjóra og Lára Dan Daníelsdóttir fulltrúi dagforeldra.

Fundargerð ritaði: Halldóra Pétursdóttir verkefnastjóri skóladeildar.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1808054 - Starfshættir nefnda

Lagt fram til kynningar.

2. 1805398 - Þróun á starfsumhverfi leikskóla - Umsókn um stöðuaukningu inn á hverja deild

Leikskólanefnd tekur jákvætt í verkefnið og telur það áhugavert.

3. 1807062 - Leyfi til daggæslu í heimahúsi

Lagt fram og samþykkt.

4. 1806098 - Flutningur á starfsdegi skólaárið 2018-2019

Lagt fram og samþykkt.

5. 1807047 - Forgangsmarkmið samþykkt vegna heimsmarkmiðanna

Lögð er fram til kynningar tilkynning sambandsins um tillögur verkefnastjórnar að forgangsröðun á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna sem ríkisstjórn Íslands samþykkti nýlega. Endanlegar ákvarðanir að verkefninu verða teknar á næsta landsþingi

6. 1710153 - Aldarafmæli sjálfstæðis og fullveldis Íslands

Leikskólanefnd tekur undir tilmæli um að minnast fullveldis Íslands og mun kynna verkefnið fyrir stjórnendum leikskóla.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Skipulagsnefnd Garðabæjar
9. fundur 2018

Föstudaginn 29. júní 2018 kl. 08:00 kom skipulagsnefnd Garðabæjar saman til fundar í turnherbergi 3. hæð á bæjarskrifstofunum við Garðatorg.

Fundinn sátu: Sigurður Guðmundsson formaður, Lúðvík Örn Steinarsson aðalmaður, Guðrún Dóra Brynjólfssdóttir aðalmaður, Stella Stefánsdóttir aðalmaður, Guðjón Pétur Lýðsson varamaður, Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri, Eysteinn Haraldsson bæjarverkfræðingur, Anna Guðrún Gylfadóttir byggingarfulltrúi, Anna María Guðmundsdóttir þjónustufulltrúi, Guðbjörg Brá Gísladóttir verkefnastjóri og Sólveig Helga Jóhannsdóttir skipulagsfræðingur.

Fundargerð ritaði: Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

Formaður skipulagsnefndar bauð nýja nefndarmenn velkomna til starfa.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1606034 - Hafnarfjarðarv/Vífilsstaðav. Endurbætur gatnamóta.

Baldur Grétarsson deildarstjóri hjá Vegagerðinni og Ólafur Erlingsson verkfræðingur hjá Verkís, gerðu grein fyrir kostum sem staðið er frammi fyrir varðandi endurbætur gatnamóta Hafnarfjarðarvegur við Vífilsstaðaveg annarsvegar og Lyngás hinsvegar. Vísað til frekari skoðunar hjá tækni-og umhverfisviði.

2. 1709351 - Álftanes-Miðsvæði. Deiliskipulag

Lagðar fram ábendingar sem borist hafa í forkynningu ásamt úttekt á innihaldi þeirra. Þórhallur Sigurðsson skipulagsráðgjafi hjá Andersen&Sigurdsson kynnti nokkrar hugleiðingar um útfærslu tillögunnar sem eru innblásnar af þeim hugmyndum sem fram koma í ábendingum almennings. Tillögunni ásamt ábendingum og hugleiðingum vísað til umsagnar umhverfisnefndar. Sérstaklega er óskað eftir afstöðu nefndarinnar til sorphirðumála. Vísað til úrvinnslu hjá skipulagsráðgjafa og tækni-og umhverfisviði.

3. 1702322 - Bessastaðir. Dsk breyting vegna aðkomu.

Lögð fram að nýju, að lokinni forkynningu, tillaga að breytingu að deiliskipulagi Bessastaða. Ein athugasemd barst þar sem óskað er eftir að gert verði ráð fyrir reiðleið um túnið við hlið heimreiðarinnar að Bessastöðum. Skipulagsnefnd bendir á að gildandi aðalskipulag og Aðalskipulag Álftaness 2005-2024 gera ekki ráð fyrir reiðleið meðfram aðkomu að Bessastöðum. Ekki verður unnt að gera ráð fyrir þeirri tengingu nema með breytingu aðalskipulags og samráði við forsetaembættið. Skipulagsnefnd vill leggja áherslu á að hugað verði að því við útfærslu á vegstæðinu að ekki verði um 6 metra breiðan malbikaðan aðkomuveg að ásamt 2 metra breiðum bílastæðum ræða sem liggur frá hringtorgi að heimreið Bessastaða. (alls 8 metrar)

4. 1802322 - Reiðskemma Sóta

Lögð fram að nýju tillaga að reiðskemmu á hesthúsasvæði Sóta á Álftanesi. Gert er grein

fyrir fundi með tengiliðum Sóta.

Skipulagsnefnd vísar erindinu í grenndarkynningu í samræmi við 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynna skal eigendum í Asparholti 1-14 (sléttar tölur), Lyngholti 6, 8, 10, 15, 17, 19, 13 og 11, Suðurnesvegur 1, 2, 3, 4, 5, og 6, Bakkarvegur og Mýrarkot 6.

Skipulagsnefnd mælir með því að gerðar verði skýringarmyndir í þrívídd sem að skýra tillöguna betur.

5. 1806306 - Hlið, breyting friðlýsingarmarkna

Í kjölfar umsagna Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulags Hliðs þar sem einnig voru gerðar athugasemdir við umgengni við uppbyggingu ferðaþjónustunnar leggur skipulagsstjóri fram minnisblað þar sem gerð er tillag að viðbrögðum við þau atriði sem fram koma í umsögn dags 16.nóvember 2017. Skipulagsstjóri kynnti tillögu að breytingu fólkvangsmarkna sem gerir ráð fyrir stækkun hans um 1,4 ha. Tillögunni vísað til umfjöllunar umhverfisstofnunar.

6. 1802063 - Blátún 5 - Umsókn um byggingarleyfi

Lögð fram umsókn lóðarhafa um breytingu deiliskipulags Túnahverfis sem gerir ráð fyrir því að heimilt verði að fella út ákvæði um bílageymslu. Skipulagsnefnd hafnar tillögunni.

7. 1504148 - Lundahverfi - nýtt deiliskipulag.

Lagðar fram að nýju athugasemdir íbúa ásamt drögum að svörum við athugasemdum byggðum á bókun skipulagsnefndar frá síðasta fundi. Skipulagsnefnd vísar málinu til áframhaldandi úrvinnslu hjá tækni- og umhverfissviði.

8. 1612146 - Arnarnes, endurauglýsing deiliskipulags

Lögð fram tillaga að lagfærðri greinargerð deiliskipulags Arnarness þar sem brugðist hefur verið við ábendingum Skipulagsstofnunar í erindi dags 28.maí sl. Skipulagsstjóri gerði grein fyrir stöðu húsakönnunar Arnarness og samráðsfundi með Minjastofnun vegna hennar. Skipulagsnefnd samþykkir framlagða greinargerð og beinir því til skipulagsstjóra að láta fullvinna húsakönnun þá sem unnin var árið 2014. Ef niðurstaða húsakönnunar kallar á deiliskipulagbreytingu skal skipulagsstjóri leggja fram tillögu þess efnis.

9. 1806437 - Smiðsbúð 6, dsk br, byggingarreitur á baklóð.

Lögð fram umsókn lóðarhafa um breytingu deiliskipulags Iðnbúðar/Smiðsbúðar sem gerir ráð fyrir stækkun byggingareits á baklóð fyrir lágrest lagerrými. Fram kemur í umsókn að brýn þörf sé fyrir aukið lagerrými vegna aukinna umsvifa járnsmiðjunnar sem rekin er í byggingunni.

Skipulagsnefnd metur tillöguna sem óverulega breytingu á deiliskipulagi

Iðnbúðar/Smiðsbúðar og vísar henni til grenndarkynningar.

Grenndarkynna skal eigendum, íbúum og rekstraraðilum að Smiðsbúð 3,4, 5,7 og 8 og Gilsbúð 3, 5 og 7.

10. 1804129 - Bæjargarður, dsk br

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Bæjargarðs sem gerir ráð fyrir sex 9,15 m háum ljósamöstrum við boltaflöt.

Skipulagsnefnd vísar tillögunni til auglýsingar í samræmi við 1.mgr.43.gr.Skipulagslaga nr.123/2010. Senda skal dreifibréf í hús á Fitjum þar sem athygli er vakin á

auglýsingunni.

11. 1806404 - Stígur í Garðahrauni efra sunnan Flata

Lögð fram umsókn bæjarverkfræðings fyrir lagningu stofnstígs í Garðahrauni efra frá núverandi stíg að Bæjargarði. Hluti stígs er í samræmi við deiliskipulag Bæjargarðs og Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2039. Lögð fram tillaga Landlags ehf að óverulegri tilfærslu stígs í kjölfar vettvangsskoðunar þar sem fulltrúi Umhverfisstofnunar var með í för. Skipulagsnefnd heimilar veitingu framkvæmdaleyfis fyrir lagningu stígsins með fyrirvara um leyfi Umhverfisstofnunar.

12. 1804128 - Ágarður, dsk br, lýsing offl

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulag Ásgarðs. Tillögunni vísað til frekari skoðunar hjá tækni-og umhverfissviði.

13. 1805268 - Goðatún 19 - viðbygging - stækkun

Lögð fram fyrirspurn lóðarhafa þar sem óskað er eftir því að byggingarreitur stækki á baklóð sem nemur 12 fermetrum og að ný viðbygging verði allt að 65 cm hærrí en hámarkshæð sem er 4,2 m. Viðbygging verði tveggja hæða en neðri hæð niðurgráfin. Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við stækkun byggingarreits en hafnar því að viðbygging verði hærrí en hámarkshæð samkvæmt deiliskipulagi. Skipulagsnefnd metur tillögu að breytingu byggingarreits með óbreyttri hámarkshæð sem óverulega breytingu á deiliskipulagi Silfurtúns og vísar henni til grenndarkynningar.

14. 1804311 - Bólstaður - Umsókn um rekstrarleyfi

Lögð fram umsókn um rekstrarleyfi fyrir gistiaðstöðu við einbýlishúsið að Bólstað. Bæjarráð óskar eftir umsögn skipulagsnefndar um umsóknina. "Samkvæmt Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 sem tók gildi í síðasta mánuði er Bólstaður innan þróunarsvæðis A sem nær til umhverfis Hafnarfjarðaravegar frá Lyngási að Vífilsstaðavegi og til athafnasvæðis við Lyngás. Samkvæmt samþykktu rammaskipulagi Lyngásvæðis og Hafnarfjarðarvegar verður Bólstaður staðsettur við stórbyggingar sem liggja að Hafnarfjarðarvegi sem verður miðsvæði. Lega hússins er því hagstæð bæði ef litið er til núverandi ástands (miðlæg lega nálægð við stoppstöð flugrútu)og framtíðarsýnar sveitarfélagsins. Skipulagsnefnd er því jákvæð gagnvart umsókninni en mælir með því að tryggt verði að næg bílastæði séu innan lóðar fyrir gistiþjónustuna. Skipulagsnefnd mælir með því að umsóknin verði grenndarkynnt eigendum og íbúum aðliggjandi húsa. Þau hús eru Marargrund 12,14,16 og 18 sem og Hella og Mörk"

15. 1806169 - Kjarrmóar 41 - Umsókn um byggingarleyfi

Lögð fram byggingaleyfisumsókn fyrir bifreiðageymslu fyrir Kjarrmóa 41. Deiliskipulag Kjarrmóa telst ekki í gildi þar sem það var samþykkt áður en fyrsta aðalskiplag Garðabæjar var staðfest. Það deiliskipulag skilgreinir byggingarreiti fyrir 8 bílageymslur á þessum stað sem er á óbyggðu svæði milli Kjarrmóa og Hrísmóa. Er þessi bílageymsla sú fyrsta sem rís á þessum stað.

Skipulagsnefnd hafnar því að byggingarleyfi verði veitt fyrr en nýtt og endurskoðað deiliskipulag fyrir Kjarrmóa liggur fyrir. Nefndin beinir því til tækni-og umhverfissviðs að móta tillögu að deiliskipulagi fyrir umrætt svæði.

16. 1806403 - Miðhraun 24, breyting á dsk Molduhrauns

Lögð fram hugmynd lóðarhafa að breytingum á deiliskipulagi Molduhrauns sem nær til

lóðarinnar Miðhraun 24. Tillagan gerir ráð fyrir stækkun lóðarinnar í átt að Reykjanesbraut auk nýrrar aðkomu frá "Álftanesvegi" sem hugsuð er til bráðabirgða þangað til mislæg gatnamót verða byggð á mótum Álftanesvegar og Reykjanesbrautar. Vísað til frekari skoðunar hjá tækni og umhverfissviði.

17. 1804200 - Ósk um skipulagsbreytingu að Hraungötu 2-8

Lögð fram umsókn um breytingu deiliskipulags Urriðaholts vesturhluta sem gerir ráð fyrir breytingu á byggingarreit bílskýlis og að einnig verði heimilt að byggja þar bílageymslu í stað bílskýlis.

Skipulagsnefnd óskar eftir umsögn deiliskipulagshöfundar. Ef sú umsögn er jákvæð gerir skipulagsnefnd ekki athugasemd við að skipulagsstjóri grenndarkynni tillögu að óverulegri breytingu deiliskipulagsins.

18. 1806013 - Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, Sundahöfn

Lögð fram verklýsing vegna breytinga á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 sem nær til stækkunar á hafnarsvæði (H4) í Sundahöfn með landfyllingum við Klettagarða og Skarfabakka-Kleppsbakka.

Tillagan er í auglýsingu til 28. júní.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við tillöguna

19. 1805167 - Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, KR-svæði

Lögð fram verklýsing vegna breytinga á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 sem nær til KR ? svæðis. Í breytingunni felst breytt landnotkun, nýjum kjarna í Vesturbæ og fjölgun íbúða.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við tillöguna.

20. 1805169 - Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, Sjómannaskólareitur og Veðurstofuhæð

Lögð fram verklýsing vegna breytinga á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 sem nær til Sjómannaskólareits og Veðurstofuhæðar. Í breytingunni felst breytt landnotkun og fjölgun íbúða.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við tillöguna.

21. 1806438 - Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, Iðnaður og önnur landfrek starfsemi

Lögð fram drög að tillögu að breytingu á Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 ásamt drögum að umhverfisskýrslu varðandi mögulegar breytingar á iðnaðar- og athafnasvæðum í Reykjavík. Í viðauka fylgir einnig greining VSÓ ? ráðgjafa á atvinnusvæðum á höfuðborgarsvæðinu.

Tillagan er nú í auglýsingu (ATH)

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við tillöguna.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Umhverfisnefnd Garðabæjar

1. fundur 2018

Miðvikudaginn 4. júlí 2018 kl. 08:00 kom umhverfisnefnd Garðabæjar saman til fundar í turnherbergi 3. hæð á bæjarskrifstofunum við Garðatorg.

Fundinn sátu: Jóna Sæmundsdóttir aðalmaður, Guðfinnur Guðjón Sigurvinsson aðalmaður, Hrönn K. Sch. Hallgrímsdóttir aðalmaður, Páll Magnús Pálsson aðalmaður, Gunnar Hólmsteinn Ársælsson varamaður, Eva Ósk Ármannsdóttir skjalastjóri, Linda Björk Jóhannsdóttir garðyrkjufræðingur og Guðbjörg Brá Gísladóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðbjörg Brá Gísladóttir verkefnastjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1804130 - Hnoðraholt og Vetrarmýri, dsk br v. fjölnota íþróttahúss

Þráinn Hauksson frá Landslagi kynnti deiliskipulagsbreytingar.

2. 1807007 - Djúpgámar

Friðrik K. Gunnarsson umhverfisverkfræðingur hjá Eflu kynnti djúpgáma og notkun þeirra.

3. 1709351 - Álftanes-Miðsvæði. Deiliskipulag

Við vinnslu deiliskipulags Álftanes er gert ráð fyrir djúpgámum. Umhverfisnefnd mælir með að sú lausn verði skoðuð nánar og að það sé gert ráð fyrir því í skipulaginu.

4. 1806306 - Hlið, breyting friðlýsingarmarka

Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri Garðabæjar kynnti tillögu að breyttum mörkum fólksvangs á Hliði.

Umhverfisnefnd leggur til við bæjarráð að friðlýsingarmörkum fólksvangsins verði breytt og felur tækni og umhverfissviði að vera í samstarfi við umhverfisstofnun varðandi það.

5. 1806404 - Stígur í Garðahrauni efra sunnan Flata

Lega fyrirhugaðs stígs í Garðahrauni efra var kynnt og leggur Umhverfisnefnd áherslu á að sem minnst rask verði á hrauninu og að stígurinn falli sem best að landslagi.

6. 1805303 - Mengunarmælingar 2018

Niðurstöður mengunarmælinga sem fram fóru í maí voru lagðar fram.

Umhverfisnefnd leggur áherslu á áframhaldandi eftirfylgni og lekaleit.

Stöðug lekaleit hefur farið fram og mun tækni og umhverfisdeild í samráði við heilbrigðiseftirlitið fara í nánari rannsóknir á innstreymi í lækinn.

Einnig er mikilvægt að upplýsa íbúa um frárennismál til að auka umhverfisvitund.

7. 1805228 - Ársskýrsla Náttúrufræðistofnunar Íslands 2017

Ársskýrsla Náttúrufræðistofnunar lögð fram.

8. 1304702 - Hundabann á varptíma

Framlenging hundabanns til 1. ágúst, vegna seinkunar á varpi flórgoðans.

9. 1707017 - Plastlaus september

Átakið Plastlaus september verður keyrt á svipuðum nótum og í fyrra og mun Garðabær styrkja verkefnið á sama hátt og þá.

10. 1806475 - Snyrtilegt umhverfi 2018

Umhverfisnefnd fer í garðaskoðun í næstu viku.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Umhverfisnefnd Garðabæjar
2. fundur 2018

Fimmtudaginn 12. júlí 2018 kl. 16:00 kom umhverfisnefnd Garðabæjar saman til fundar í turnherbergi 3. hæð á bæjarskrifstofunum við Garðatorg.

Fundinn sátu: Jóna Sæmundsdóttir aðalmaður, Guðfinnur Guðjón Sigurvinsson aðalmaður, Hrönn K. Sch. Hallgrímsdóttir aðalmaður, Páll Magnús Pálsson aðalmaður og Guðbjörg Brá Gísladóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðbjörg Brá Gísladóttir verkefnastjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1806475 - Snyrtillegt umhverfi 2018

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

**HEILBRIGÐISNEFND
HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
235. fundur – 25. júní 2018**

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 25. júní 2018. Fundarstaður, skrifstofa heilbrigðiseftirlitsins að Garðatorgi 5, Garðabæ. Fundurinn hófst kl. 16.30. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk starfsmanna, Páls Stefánssonar og Guðmundar H. Einarssonar, sem ritaði fundargerð. Ingibjörg Hauksdóttir boðaði forföll.

Fundargerð 234. fundar frá 28. maí 2018 lögð fram.

1 Val á fulltrúum í heilbrigðisnefnd

- Bæjarstjórn Kópavogs hefur á fundi sínum þann 12. júní 2018 kosið í heilbrigðisnefnd.
Aðalmenn:
Jón Haukur Ingvason
Sigurður Grétarsson
Kosningu varamanna var frestað
- Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur á fundi sínum þann 20. júní 2018 kosið í heilbrigðisnefnd.
Aðalmenn:
Linda Hrönn Þórisdóttir
Sævar Gíslason
Varmenn:
Guðmundur Sigurðsson
Elínbjörg Ingólfssdóttir
- Bæjarstjórn Garðabæjar hefur á fundi sínum þann 21. júní 2018 kosið í heilbrigðisnefnd.
Aðalmann:
Ingibjörgu Hauksdóttur
Varamaður:
Jón Bjarni Þorsteinsson
- Samtök atvinnulífsins hafa tilnefnt í heilbrigðisnefnd
Aðalmann:
Gný Guðmundsson
Varamaður:
Bryndís Skúladóttir

2 Kosning formanns heilbrigðisnefndar og varaformanns til tveggja ára

Jón Haukur Ingvason var valinn formaður til tveggja ára og Linda Hrönn Þórisdóttir varaformaður til tveggja ára.

3 Starfsemi heilbrigðisnefndar

Farið yfir mál sem varða starfssvið heilbrigðisnefndar og lög, reglugerðir og samþykktir sem eru til grundvallar.

Ákveðið að reglulegir fundir nefndarinnar verði síðasta mánudag í mánuði kl. 16:30. Reglulegur fundur fellur niður í júlí og næsti reglulegi fundur verður 27. ágúst n.k. Framkvæmdastjóra falin afgreiða þjónustumála milli funda.

<https://www.althingi.is/lagas/148b/1998007.html>

<https://www.althingi.is/lagas/148b/1995093.html>

4 Skipulagsmál

4.1 Aðalskipulag Garðabæjar 2018 – 2030

Lagt fram erindi Garðabæjar frá 14. júní 2018 þar sem óskað er umsagnar um skipulagslýsingu á rammahluta aðalskipulags Garðabæjar, Vífilsstaðaland og Hnoðaraholt.

<https://www.gardabaer.is/media/skipulagsmal/skipulagslysing.pdf>

Skipulagssvæðið nær yfir Hnoðraholt til norðurs, Smalaholt og Rjúpnahlíð í austurs, Vífilsstaðahraun í suður og Vífilsstaði í vestur. Svæðið nær ekki að Vífilsstaðavatni en skipulagssvæðið er að hluta á aðrennslissvæði Vífilsstaðavatns.

Eftirfarandi umsögn er veitt:

Mikilvægt er að markmið laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011 verði tekin inn í skipulagsvinnuna. Í kafla um Umhverfispætti og áhrifamat þarf að bæta við kafla um vatnshlot eða vatnasvið Vífilsstaðavatns og taka þar inn skýrslur um mengunarflokkun vatnsins. Heilbrigðisnefnd hvetur til að lega Elliðavatnsvegur verði færð fjær Vífilsstaðavatni.

4.2 Deiliskipulag Vetrarmýri og Hnoðrahólts

Lagt fram erindi Garðabæjar frá 14. júní 2018 þar sem óskað er umsagnar um deiliskipulag Vetrarmýri og Hnoðrahólts og umhverfisskýrslu

<https://www.gardabaer.is/umhverfi/skipulag/skipulag-i-kynningu/bll1n1>

Eftirfarandi umsögn er veitt:

Uppbygging á svæðinu mun auka umferð um Elliðavatnsveg og því ástæða til að taka ákvarðanir um framtíðar legu vegarins, umferðaröryggi og verndunar Vífilsstaðavatns inn í skipulagsvinnuna.

5 Vatnsvernd

5.1 Fundargerð framkvæmdastjórnar frá 30. maí 2018

Lögð fram til kynningar fundargerð framkvæmdastjórnar um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu frá 30. maí 2018.

5.2 Fundargerð framkvæmdastjórnar frá 25. júní 2018

Lögð fram til kynningar fundargerð framkvæmdastjórnar um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu frá 25. júní 2018.

6 Starfsleyfi, umsagnir, tilkynningar o.þ.h.

6.1 Starfsleyfi

Hafnarfjörður

6.1.1 Blómvellir 8, Hafnarfjörður – hundarækt

Lögð fram umsókn Olgu Rannveigar Bragadóttur, kt. 310586-3079 f.h. Valkyrjuræktunar, dags. 29.05.2018, þar sem sótt er um leyfi fyrir hundaræktun við Blómvelli 8, Hafnarfirði. Fastanúmer: 226-9726. Ný starfsemi.

Í ákvæðum í 4. gr. samþykktar um hundahald nr. 154/2000 sem gildir í Hafnarfirði er kveðið á um að séu fleiri en 5 skráningarskyldir hundar á sama heimili gildi ákvæði þágildandi mengunarvarnareglugerðar um starfsleyfisskyldu. Samkvæmt núverandi reglugerð um mengunarvarnareglugerð, t.l. 6.7 í X. viðauka reglugerðar um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit veitir heilbrigðisnefnd starfsleyfi fyrir hunda og kattageymslur.

Fyrirliggur umsögn byggingarfulltrúa í tölvupósti frá 11. júní 2018 um að umræddur rekstur sé ekki í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

Samkvæmt aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, er starfsemin á íbúðarsvæði. Með vísun til ákvæða reglugerðar um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit er umsókninni hafnað þar sem starfsemin uppfyllir ekki kröfur sem til hennar eru gerðar samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

6.1.2 Bæjarhraun 16, Hafnarfjörður – búsetuúrræði

Lögð fram umsókn Elínar Rósar Finnbogadóttur, f.h. Útlendingastofnunar, kt. 670269-6399, dags. 19.06.2018, þar sem sótt er um leyfi vegna reksturs búsetuúrræðis fyrir skjólstaðinga að Bæjarhrauni 16, Hafnarfirði. Fastanúmer: 207-4274, 207-4275, 207-4276, 207-4277. Ný starfsemi.

Fyrirliggur erindi byggingarfulltrúa dags. 25.06.2018 um að umræddur rekstur er ekki samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er skilyrt starfsleyfi samþykkt til 1 árs og umsækjanda kynnt ákvæði 14. gr. reglugerðar um hollustuhætti um að húsnæði skuli hafa hlotið staðfestingu leyfisveitanda byggingaleyfis á því að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun húsnæðis áður en hægt er að afgreiða starfsleyfi.

6.1.3 Fornubúðir 12, Hafnarfjörður – húðflúrstofa

Lögð fram umsókn Olivers Þórs Davíðssonar, f.h. Apollo ink ehf., kt. 510618-0330, dags. 14.06.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs húðflúrstofu að Fornubúðum 12, Hafnarfirði.

Fastanúmer: 207-4862. Ný starfsemi.

Fyrirliggur umsögn byggingarfulltrúa frá 20.6.2018 þar sem fram kemur að umræddur rekstur er ekki samræmi við samþykktu notkun fasteignar, þ.e ekki er skráð efri hæð í Fasteignaskrá Íslands í Fornubúðum 12.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er afgreiðslu frestað og umsækjanda kynnt ákvæði 14. reglugerðar um hollustuhætti um að húsnæði skuli hafa hlotið staðfestingu leyfisveitanda byggingaleyfis á því að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun húsnæðis áður en hægt er að afgreiða starfsleyfi.

6.1.4 Kaldárselsvegur, Hafnarfjörður – niðurrif

Lögð fram umsókn Helgu Stefánsdóttur f.h. Hafnarfjarðarbæjar, kt. 590169-7579, dags. 13.06.2018, þar sem sótt er um leyfi til niðurrifs á hlöðu, gripahúsi og geymslu við Kaldárselsveg, Landnr. L121307, Hafnarfirði. Tímabundin starfsemi.

Með vísun til X. viðauka reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit er leyfisveiting staðfest.

Kópavogur

6.1.5 Álalind 18-20, Kópavogur – niðurrif mannvirkis

Lögð fram umsókn Guðnýjar Eddu Gísladóttur f.h. Grjótgarðs ehf., kt. 500502-3120, dags. 5.06.2018, þar sem sótt er um leyfi til niðurrifs húss að Álalind 18-20, Kópavogi. Tímabundin starfsemi.

Með vísun til X. viðauka reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit er leyfisveiting staðfest.

6.1.6 Dalvegur 10-14, Kópavogur – skemmtigarður

Lögð fram að nýju umsókn Torfa Jóhannssonar, f.h. Rush Iceland ehf., kt. 710717-0440, dags. 6.02.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs skemmtigarðs að Dalvegi 10-14, Kópavogi.

Fastanúmer: 229-1536. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustu- og matvæla- og hollustuháttareglugerða er afgreiðslu frestað. Óskað er eftir lokaútgáfu teikninga ásamt því að lögð verði fram gögn sem staðfesta skoðun tækja varðandi öryggi þeirra, undirstöður og umhverfi. Heimilt verður að gefa út starfsleyfi til allt að 12 ára gefi yfirferð umbeðinna gagna ekki tilefni til annars að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

6.1.7 Hamraborg 11, Kópavogur – veitingastaður

Lögð fram umsókn Supanut Ruangsomboon f.h. Sali Thai ehf., kt. 630418-2080, dags. 1.06.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veitingastaðar að Hamraborg 11, Kópavogi.

Fastanúmer: 206-1441. Ný starfsemi.


Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til bráðabirgða þannig að fyrirtækinu gefist ráðrúm til nauðsynlegra úrbóta á starfsemi sinni áður en fullnaðar starfsleyfi verður útgefið.

6.1.8 Hamraborg 20a, Kópavogur – rakarastofa

Lögð fram umsókn Stefáns R. Jónssonar, kt. 100847-7369 f.h. Rakarastofunnar Sevilla, dags. 15.06.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs rakarastofu að Hamraborg 22, Kópavogi.

Fastanúmer: 223-3485. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára og rekstraraðila gefin kostur á að aðlaga búnað að breyttum kröfum reglugerðar um hollustuhætti (br. 578/2017).



6.1.9 *Hlíðasmári 17, Kópavogur – hársnyrtistofu*

Lögð fram umsókn Svölu Ólafsdóttur, f.h. Hár og smink, ehf. kt. 510165-0129, dags. 15.06.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs hársnyrtistofu að Hlíðasmára 17, Kópavogi.

Fastanúmer: F2236277. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

6.1.10 *Smáratorg 3, Kópavogur – dreifing matvæla, samkomusalur*

Lögð fram að nýju umsókn Sunnu Dóru Einarsdóttur f.h. Deloitte ehf., kt. 521098-2449, dags.

26.04.2018, þar sem sótt er um leyfi til veitingareksturs að Smáratorgi 3, Kópavogi. Fastanúmer: 228-9966. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er afgreiðslu frestað og óskað eftir frekari upplýsingum varðandi fyrirhugaðan rekstur.

6.1.11 *Smiðjuvegur 11, Kópavogur – veitingastaður*

Lögð fram umsókn Petcharee Deluxana, f.h. Prime 999 ehf., kt. 550414-1710, dags. 18.06.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veitingastaður að Smiðjuvegi 11, Kópavogi.

Fastanúmer: 206-5290. Eigendaskipti.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til bráðabirgða þannig að fyrirtækinu gefist ráðrúm til nauðsynlegra úrbóta á starfsemi sinni áður en fullnaðar starfsleyfi verði útgefið.

6.1.12 *Suðurlandsvegur/Geirland – vinnsla jarðefna*

Lögð fram umsókn Braga Sigurjónssonar, kt. 170636-7919, dags. 14.06.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs vinnslu með jarðefni að Geirlandi, Kópavogi.

Landnúmer: L117016. Endurnýjun.

Samkvæmt aðalskipulagi Kópavogs, 2012-2024, er starfsemin á opnu svæði og öryggissvæði vatnsverndar vegna grunnvatns.

Með vísun til X. viðauka reglugerðar um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit er samþykkt að auglýsinga starfsleyfi með gildistíma til allt að 4 ára fyrir reksturinn.

6.1.13 *Vallakór 4, Kópavogur – sala á brauði og kökum*

Lögð fram umsókn Helgu Kristínar Jóhannsdóttur f.h. Gullakurs ehf., kt. 671016-1140, dags.

5.06.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verslunar með brauð, kökur og skyldar vörur að Vallakór 4, Kópavogi. Fastanúmer: F2311637. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er afgreiðslu frestað þar sem fá þarf endurbættar teikningar af húsnæðinu. Staðfestar upplýsingar um samþykktu notkun fasteignar og fullnægjandi skoðun heilbrigðisfulltrúa.

6.1.14 *Vesturvör 26 -28, Kópavogur – niðurrif mannvirkis*

Lögð fram umsókn Ágústis Friðgeirssonar f.h. Vesturvarar 26-28 ehf., kt. 710815-0460, dags.

15.06.2018, þar sem sótt er um leyfi til niðurrifs húss að Vesturvör 26-28, Kópavogi.

Tímabundin starfsemi.

Með vísun til X. viðauka reglugerðar 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit er leyfisveiting staðfest.

6.1.15 *Ögurhvarf 3, Kópavogur – matvöruverslun*

Lögð fram umsókn Guðlaugs Gauta Þorgilssonar f.h. Bónus., kt. 450199-3389, dags. 6.06.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs matvöruverslunar að Ögurhvarfi 3, Kópavogi.

Fastanúmer: F2284552. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

6.2 Umsagnir

Hafnarfjörður

6.2.1 *Flatahraun 5a, Hafnarfjörður - tímabundið áfengisleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags.29.05.2018, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Norður og niður ehf., um tímabundið áfengisleyfi í tilefni af útitónleikum við Flatahraun 5a | Hafnarfirði þann 10.08.2018 frá kl. 17.00 – 00.00.

Jákvæð umsögn verður veitt að lokinni úttekt.

6.2.2 Reykjavíkurvegur 68, Hafnarfjörður - veitingastaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 11.06.2018, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Sunny travel ehf., kt. 470414-0490, þar sem sótt er um nýtt rekstrarleyfi fyrir veitingastað samkvæmt flokki II að Reykjavíkurvegi 68, Hafnarfirði.

Jákvæð umsögn fyrir veitingastofu verður veitt að lokinni úttekt.

6.2.3 Strandgata 6, Hafnarfjörður - tímabundið áfengisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 6.06.2018, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Agnus Dei ehf., um tímabundið áfengisleyfi í tilefni af útsendingu á heimsmeistaramóti í fótbolta við Strandgötu 6 í Hafnarfirði þann 16.06.2018 frá kl. 12 – 18.

Afgreiðsla umsagnar án athugasemda staðfest.

6.2.4 Strandgata 6, Hafnarfjörður - tímabundið áfengisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 6.06.2018, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Agnus Dei ehf., um tímabundið áfengisleyfi í tilefni af útsendingu á heimsmeistaramóti í fótbolta við Strandgötu 6 í Hafnarfirði þann 22.06.2018 frá kl. 13 – 19.

Afgreiðsla umsagnar án athugasemda staðfest.

6.2.5 Strandgata 6, Hafnarfjörður - tímabundið áfengisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 6.06.2018, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Agnus Dei ehf., um tímabundið áfengisleyfi í tilefni af útsendingu á heimsmeistaramóti í fótbolta við Strandgötu 6 í Hafnarfirði þann 26.06.2018 frá kl. 16 – 21.

Fyrir liggur að Agnus dei ehf. leigi tjald og setji við bílastæði Strandgötu 11, Hafnarfirði.

Í tjaldinu á að setja upp borð og stólar fyrir gesti og söluaðstaða fyrir drykkjarföng. Í námunda við tjaldið verður sölubíll sem matarveitingar verða seldar úr. Almenningsalarni verða sett upp á baklöð Strandgötu 11 og eiga þau að vera vel kynnt gestum. Starfsmannaaðstaða og ræstiaðstaða er að Strandgötu 11.

Afgreiðsla umsagnar án athugasemda staðfest.

Kópavogur

6.2.6 Dalvegur 16c, Kópavogur - rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 31.05.2018, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Bara ehf., kt. 690304-3170, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastofu samkvæmt flokki II við Dalveg 16c, Kópavogi.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags 14.06.2018 þar sem fram kemur að á staðnum er rekin skyndibitastaður með aðstöðu til neyslu veitinga. Heilbrigðisnefnd veitti Bara ehf. starfsleyfi til veitingasölu þann 26.8.2008.

Athugasemdir eru ekki gerðar við umsóknina.

6.2.7 Hamraborg 11, Kópavogur - veitingastaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 8.06.2018, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Sali Thai ehf., kt. 630418-2080, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastað samkvæmt flokki II við Hamraborg 11, Kópavogi.

Heilbrigðisnefnd samþykkti þann 25. júní 2018 skilyrt starfsleyfi fyrir veitingastofu.


Jákvæð umsögn verður veitt að lokinni úttekt.

6.2.8 Nýbýlavegur 4, Kópavogur - veitingastaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 31.05.2018, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Tokyo veitingar ehf., kt. 670710-0920, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastað samkvæmt flokki II við Nýbýlaveg 4, Kópavogi.

Heilbrigðisnefnd veitti 2. júní 2014 starfsleyfi til reksturs veitingastofu.

Jákvæð umsögn veitt fyrir veitingastofu.



6.2.9 Smáratorg 3, Kópavogur - samkomusalur, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags.20.06.2018, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Deloitte ehf., kt. 521098-2449, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastað samkvæmt flokki II við Smáratorg 3, Kópavogi.

Heilbrigðisnefnd er með starfsleyfis umsókn fyrir veitingastofu til meðferðar. Málinu vísað til heilbrigðiseftirlits sbr. lið 1.1.10.

6.3 Annað

6.3.1 Tóbakseftirlit

Lögð fram og rædd stöðuskýrsla um tóbakseftirlit sem fram fór 13. apríl til 1. júní 2018.

Í ljósi niðurstaðna er vakin athygli á að hjá 15 af 43 sölustöðum eða tæp 35% komu starfsmenn yngri en 18 ára beint eða óbeint að sölu tóbaks og er slíkt fyrirkomulag brot á lögum um tóbaksvarnir, nr. 6/2002.

Lögð fram til kynningar ný samþykkt lög um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur.

Neytendastofa fer með markaðseftirlit með rafrettum og áfyllingum fyrir þær í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim. Neytendastofa skal setja á stofn samvinnunefnd um samstarf við önnur eftirlitsstjórnvöld og skoðunarstofur til að fara með eftirlit með rafrettum og áfyllingum fyrir rafrettur, sbr. 16. gr. laga nr. 134/1995.

6.3.2 Reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Lögð fram og farið yfir reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit nr. 550/2018 sem staðfest var af Umhverfis- og auðlindráðherra 15. maí 2018.

<https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/umhverfis--og-audlindaraduneyti/nr/0550-2018>

6.3.3 Austurgata 9, Hafnarfjörður– asbest

Lögð fram erindi Íslenskra aðalverktaka hf., kt. 660169-2379, dags. 13.06.2018, þar sem sótt er um leyfi til að fjarlægja asbest að Austurgötu 9, Hafnarfirði. Tímabundin starfsemi.

Fyrir liggur minnisblað dags. 19.06.2018.

Með vísun til X. viðauka reglugerðar 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og reglugerð nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir er varðar efni („REACH“) var í umboði heilbrigðisnefndar heimild veitt til framkvæmdar. Leyfisveiting staðfest.

6.3.4 Borgarholtsbraut, Rútstún – 17. júní hátíðahöld

Lagðar fram tilkynningar um sölustarfsemi á hátíðarsamkomu 17. júní 2018.

6.3.5 Miðbær Hafnarfjarðar 17. júní hátíðarhöld

Lagðar fram tilkynningar um sölustarfsemi á hátíðarsamkomu 17. júní 2018.

6.3.6 Breyting á lögum um matvæli

Lagt fram til kynningar erindi Matvælastofnunar frá 28. maí 2018 um breytingu á lögum um matvæli varðandi eftirlit og upplýsingagjöf.

6.3.7 Fundargerð samstarfhóps heilbrigðiseftirlits og Umhverfisstofnunar lögð fram til kynningar


Lögð fram til kynningar fundargerð umhverfisgæðahóps frá 28.5.2018

7 Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða

Lögð fram til kynningar fundargerð Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða frá 31. maí 2018.

8 Hreint loft til framtíðar

Lagt fram til kynningar skipunarbréf stýrihóps vegna áætlunar um loftgæði á Íslandi 2018 til 2019. Umhverfis- og auðlindráðherra hefur skipað Pál Stefánsson, heilbrigðisfulltrúa í stýrihópinn



9 Önnur mál


9.1 Færsla Hamraneslínu 1 og 2

Lagt fram erindi Skipulagsstofnunar dags. 19. júní 2018 þar sem óskað er umsagnar um hvort og á hvaða forsendum framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum.


Ekki er gerð krafa um umhverfismat.


Gnýr Guðmundsson vék af fundi við afgreiðslu þessa liðar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:31


Sigurður Grétarsson


Sævar Gíslason


Lindu Hröng Þórisdóttur


Gnýr Guðmundsson


Jón Haukur Ingvason

**HEILBRIGÐISNEFND
HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
236. fundur – 16. júlí 2018**

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 16. júlí 2018. Fundarstaður, skrifstofa heilbrigðiseftirlitsins að Garðatorgi 5, Garðabæ. Fundurinn hófst kl. 16.30. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn. Sævar Gíslason og Linda Hrönn Þórisdóttir boðuðu forföll. Elinbjörg Ingólfssdóttir varamaður mætti í stað Sævars Gíslasonar.

Starfsmaður á fundinum var Guðmundar H. Einarssonar, sem ritaði fundargerð.


1 Starfsmannamál

Fyrir liggur að framkvæmdastjóri mun láta af starfi sínu 30. nóvember n.k. samkvæmt ákvæðum kjarasamnings.


Heilbrigðisnefnd mun með vísun til samstarfssamnings um Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis auglýsa starf framkvæmdastjóra laust til umsókn.


Samþykkt að Jón Haukur Ingvason, Linda Hrönn Þórisdóttir og Ingibjörg Hauksdóttir myndi starfshóp til að undirbúa starfslýsingu, auglýsingu og ráðningu framkvæmdastjóra.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:15


Sigurður Grétarsson


Ingibjörg Hauksdóttir


Jón Haukur Ingvason


Elinbjörg Ingólfssdóttir


Gnýr Guðmundsson

FUNDARGERÐ STJÓRNAR

392. fundur

Stjórnarfundur SORPU bs. (kt. 510588-1189) á skrifstofu byggðasamlagsins miðvikudaginn 04.07.2018, kl.16:30.

Mættir eru eftirtaldir aðalfulltrúar sem aðildarfélag byggðasamlagsins hafa skipað stjórnarmenn í stjórn byggðasamlagsins:

	Aðalmaður	Varamaður
Reykjavíkurborg:	Líf Magneudóttir	Kristín Soffía Jónsdóttir
Kópavogur:	Birkir Jón Jónsson	Hjördís Ýr Johnson
Hafnarfjörður:	Ágúst Bjarni Garðarsson	Kristinn Andersen
Garðabær:	Jóna Sæmundsdóttir	Sigurður Guðmundsson
Mosfellsbær:	Kolbrún Þorsteinsdóttir	Bjarki Bjarnason
Seltjarnarnesbær:	Bjarni Torfi Álfþórsson	Magnús Örn Guðmundsson

Einnig mætt framkvæmdastjóri SORPU bs., Björn H. Halldórsson og skrifstofustjóri Guðrún Eva Jóhannesdóttir.

Aldursforseti í hópi stjórnarmanna er Bjarni Torfi Álfþórsson og stjórnar hann fyrsta lið dagskrárinnar. Bjarni er viðstaddur gegnum fjarfundarbúnað.

Tekið fyrir:

- 1. Kjör formanns og varaformanns í samræmi við III. kafla, 4.gr. stofnsamnings eignaraðila frá 1. janúar 2007**
Stjórn samþykkir samhljóða að Birkir Jón Jónsson verði formaður stjórnar og að Líf Magneudóttir verði varaformaður.
- 2. Val á tveimur fulltrúum stjórnar í samráðsnefnd SORPU bs. og atvinnulífsins**
Stjórn samþykkir samhljóða að Birkir Jón Jónsson og Jóna Sæmundsdóttir verði fulltrúar stjórnar í samráðsnefnd SORPU bs.
- 3. Val á tveimur fulltrúum stjórnar í samráðsnefnd sorpsamlaganna á Suðvesturlandi**
Stjórn samþykkir samhljóða að fulltrúar stjórnar í samráðsnefnd sorpsamlaganna á Suðvesturlandi verði Líf Magneudóttir og Ágúst Bjarni Garðarsson.
- 4. Val á einum fulltrúa stjórnar í viðræðunefnd við Sorpstöð Suðurlands bs. og tveimur fulltrúum í viðræðunefnd við Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf.**
Stjórn samþykkir samhljóða að formaður stjórnar verði fulltrúi stjórnar í viðræðum SSH og SORPU bs við Sorpstöð Suðurlands bs. Ákvörðun um val tveggja fulltrúa í viðræðunefnd við Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf. er frestað.

[Handwritten signatures and initials]

5. Starfsáætlun stjórnar og ákvörðun um fundartíma stjórnar

Framkvæmdastjóri leggur fram drög að starfsáætlun stjórnar. Stjórn ákveður að fundir stjórnar skuli að jafnaði vera á föstudögum kl. 07:30.

6. Afhending gagna og kynning á fundargátt

Stjórnarmönnum kynntur aðgangur að svæði stjórnar á „Séra Pétri“ – „SharePoint“ kerfi SORPU. Þar liggja m.a. fyrir eftirfarandi gögn:

- Stofnsamningur SORPU bs.
- Eigendastefna SORPU bs.
- Siðareglur stjórnar
- Starfsreglur stjórnar
- Skipurit SORPU bs.
- Stefnumótun stjórnar 2015-2020
- Rekstraráætlun 2018-2022
- Ársreikningur og ársskýrsla 2017
- Samningur sveitarfélaganna og SORPU bs. um rekstur endurvinnslustöðvanna
- Gæðastefna SORPU bs. og vottun skv. 9001
- Umhverfisstefna SORPU bs. og vottun skv. 14001
- Mannauðsstefna SORPU bs.
- Öryggisstefna SORPU bs.
- Jafnlaunastefna
- Svansvottun metans sem eldsneyti

7. Útboð á eftirliti við byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar


Tilboð í framkvæmdaestirlit við byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar voru opnuð þann 19. júní sl. og bárust 3 tilboð. Ráðgjafi SORPU hefur yfirfarið tilboðin og urðu engar breytingar við yfirferðin. Tilboðin voru sem hér segir:

Tilboð nr.	Bjóðandi	Tilboðsupphæð m.vsk	% af kostnaðaráætlun
1	Verkís hf.	115.875.000,-	75,5%
2	Efla hf.	134.085.416,-	87,4%
3	VSÓ hf.	152.210.000,-	99,2%
Kostnaðaráætlun Mannvit		153.450.000,-	100%

Lagt fram minnisblað frá Mannvit um útboðið dagsett 4. júlí 2018. Stjórn felur framkvæmdastjóra að ganga til samninga um hagstæðasta tilboð.

8. Stækkun móttökustöðvar í Gufunesi.

Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir tillögur að stækkun móttökustöðvarinnar í Gufunesi en tillögurnar eru unnar af Arkþing og Mannvit. Jafnframt lagt fram bréf skipulagsyfirvalda um stækkun. Málið rætt.



9. Breyting á gjaldskrá 1. júlí n.k.

Framkvæmdastjóri og skrifstofustjóri kynna að breyting almennrar gjaldskrár 1. júlí nk. er hækkun um 1,14% vegna breytinga á vísitölum. Gjaldskrá endurvinnslustöðva er óbreytt.

10. Ósk SOS um framlengingu á samningi um móttöku úrgangs af Suðurlandi.

Lögð fram ósk SOS um framlengingu á samningi um móttöku úrgangs af Suðurlandi. Framkvæmdastjóri greinir frá fundi fulltrúa SSH, SOS og sveitarfélagsins Ölfus sem haldinn var þann 3. júlí sl. Málið rætt. Stjórn bókar eftirfarandi:

„Í ljósi framkominna upplýsinga um stöðu viðræðna getur stjórn SORPU fallist á að framlengja samning SORPU og SOS um móttöku úrgangs til loka ágúst mánaðar. Þessi framlenging nú er gerð til að ný sveitarstjórn Ölfuss hafi tækifæri til að fjalla um erindi SOS frá 29. maí um afstöðu sveitarfélagsins til opunar urðunarstaðar á Nessandi og trausti þess að innan þessara tímamarka liggi fyrir skýr niðurstaða um hvort sveitarstjórnin fellst á að málið verði unnið áfram með það að leiðarljósi að á Nessandi verði opnaður nýr urðunarstaður fyrir óvirkan úrgang sem liður í samstarfi og verkaskiptingu sorpsamlaganna á suðvesturhorninu. Stjórn SORPU áréttar að vegna þeirra þröngu tímamarka sem eru á málinu v. eindaga á urðun í Álfsnesi, þá er ekki hægt að draga ákvörðun í þessu máli lengur en framangreindur frestur segir til um, og treystir því að stjórn SOS og sveitarstjórn Ölfuss vinni málið áfram í því ljósi.“

11. Helstu verkefni SORPU.

Framkvæmdastjóri kynnir þau helstu mál sem unnið er að um þessar mundir. Almennur kynningarfundur um starfsemi SORPU bs. verður haldinn með stjórnarmönnum að loknum sumarleyfum.


12. Næsti fundur

Næsti fundur ákveðinn 17. ágúst kl. 07:30.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan 17:56

Fundarritari Guðrún Eva Jóhannesdóttir

T. Björk Jón Jónsson
Ólafur Ólafsson
Jóna Þorvaldsson
Kolbrún G. Þorvaldsson
Jón Þorvaldsson
Guðrún Eva Jóhannesdóttir
Björn Þorvaldsson



Reykjavík, 15. júní 2018
Fundargerð 173. fundar

Tilvísun: 00060002

Föstudaginn 15. júní 2018 var haldinn 173. stjórnarfundur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. Fundurinn var haldinn í Skógarhlíð 14 og hófst kl. 8.00.

Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Ármann Kr. Ólafsson, Áslaug Hulda Jónsdóttir, Ásgerður Halldórsdóttir, Haraldur Sverrisson og Sigríður Kristinsdóttir.

Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri, og Birgir Finnsson, varaslökkviliðsstjóri. Anton Björn Markússon, lögmaður SHS, sat fundinn undir öðrum málum.

Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson, formaður.

Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

1. Bruninn í Miðhrauni

Varaslökkviliðsstjóri fór yfir aðgerðir SHS við eldsvoðann í Miðhrauni 4 í Garðabæ 5 þann 6. apríl sl.

Afgreiðsla: Kynning.

2. Bruninn í Perlunni

Varaslökkviliðsstjóri fór yfir aðgerðir SHS við eldsvoðann í Perlunni í Reykjavík þann 24. apríl sl.

Afgreiðsla: Kynning.

3. Samningur við Faxaflóahafnir

Slökkviliðsstjóri lagði fram drög að endurnýjuðum samningi við Faxaflóahafnir um stjórn SHS á vettvangi við mengunaróhöpp á hafnarsvæði Faxaflóahafna.

Eftirfarandi lagt fram:

- Samningur við Faxaflóahafnir, drög, ódags.

Afgreiðsla: Stjórn samþykkir samninginn og felur slökkviliðsstjóra að undirrita hann.

4. Úttekt Mannvirkjastofnunar

Slökkviliðsstjóri fór yfir niðurstöður úttektar Mannvirkjastofnunar á SHS, sem fram fór í nóvember 2017.

Eftirfarandi lagt fram:

- Bréf MVS; Úttektir slökkviliða 2017, SHS, dags. 2. maí 2018.

Afgreiðsla: Kynning.

5. Þróun á Brunaverðinum

Slökkviliðsstjóri kynnti mögulegt samstarf við Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands og Mannvirkjastofnun um áframhaldandi þróun Brunavarðarins.

Afgreiðsla: Kynning, frestað.

6. Persónuvernd

Farið var yfir stöðu mála hjá SHS varðandi nýja löggjöf í persónuverndarmálum.

Afgreiðsla: Kynning.

7. Ný slökkvistöð

Slökkviliðsstjóri kynnti stöðu málsins.

Afgreiðsla: Kynning.

8. Önnur mál

8.1 Miðstöð farþegaflutninga í Skógarhlíð.

Kynnt var erindi SHS til umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar vegna tilkomu nýrrar miðstöðvar farþegaflutninga í Skógarhlíð 10.

Eftirfarandi lagt fram:

- Miðstöð farþegaflutninga í Skógarhlíð, dags. 11. júní 2018.

Afgreiðsla: Kynning.

8.2 Brú yfir Fossvog.

Farið var yfir ábendingar slökkviliðsstjóra við vinnslutillögu að nýju deiliskipulagi vegna fyrirhugaðrar lagningar brúar yfir Fossvog.

Eftirfarandi lagt fram:

- Brú yfir Fossvog, dags. 11. júní 2018.

Afgreiðsla: Kynning.

8.3 Starfsmannamál.

Fjallað um starfsmannamál.

Afgreiðsla: Kynning.




293

Næsti fundur verður auglýstur sérstaklega.


Fundi slitið klukkan 09:30.

Fylgiskjöl:


- Samningur við Faxaflóahafnir, drög, ódags.
- Bréf MVS; Úttektir slökkviliða 2017, SHS, dags. 2. maí 2018.
- Miðstöð farþegaflutninga í Skógarhlíð, dags. 11. júní 2018.
- Brú yfir Fossvog, dags. 11. júní 2018.




Dagur B. Eggertsson




Armann Kr. Ólafsson




Asgerður Halldórsdóttir



Aslaug Hulda Jónsdóttir



Haraldur Sverrisson



Sigríður Kristinsdóttir

Tillaga lögð fram á bæjarstjórnarfund 16. ágúst 2018

Flutningsaðili: Sara Dögg Svanhildardóttir

Gagnsærri stjórnsýsla

Garðabæjarlistinn leggur til að bæjarstjórn feli yfirmönnum bæjarfélagsins alfarið um að taka ákvarðanir um launað námsleyfi almennra starfsmanna Garðabæjar í hvaða formi sem sótt er um slíkt í samráði við mannauðstjóra og fjármálasvið bæjarins.

Þannig verði horfið frá því að kjörnir fulltrúar komi með beinum hætti að aðstöðu einstakra starfsmanna. Garðabæjarlistinn leggur því til samhliða þessari breytingu að í fjárlögum sé gert ráð fyrir fjármagni í endurmenntun almennra starfsmanna.

Garðabæjarlistinn leggur fram reikniaðgerð með tillögunni sem leiðir til þess að það liggi fyrir hvaða fjárveiting er í boði ár hvert til að mæta slíkum umsóknum og óþarft að ákvörðun um starfskjör einstaka starfsmanna fari fyrir kjörna fulltrúa.

Greinargerð

Tillaga Garðabæjarlistans er hluti af áherslu á gagnsærri og faglegri stjórnsýslu þar sem m.a. kjörnir fulltrúar eru ekki að fara með ákvarðanir sem auðvelt er að setja inn í ferla stjórnsýslunnar með skýrum reglum um framkvæmd. Þess vegna leggjur Garðabæjarlistinn til að bætt verði við núverandi reglur í starfsmannastefnu, um hvernig sí og endurmenntun er fjármögguð og hvernig úthlutun fer fram. Það er mikilvægt að það sé gert með miðlægum hætti til að tryggja jafnræði milli starfsmanna óháð því hvar þeir starfa. Og um leið að gera beina aðkomu kjörinna fulltrúa óþarfa með sterkri og faglegri stjórnsýslu.

Framkvæmd og fjármögnun

Á fjárhagsáætlun hvers árs skal bæjarstjórn marka fjárheimildir til sí- og endurmenntunar starfsmanna. Stefnt skal á að sú fjárhæð nemi um 0,7% af áætluðum launum og launatengdum gjöldum sveitarfélagsins viðkomandi ár, að frádregnum lífeyrisskuldbindingum. Ákvörðun um hlutfallið skal bæjarstjórn taka árlega við gerð fjárhagsáætlunar og bóka í fundargerð.

Fjármagnið skal nýta til greiðslu beins kostnaðar vegna námsins, svo sem námskeiðs- og ráðstefnugjalda, kaupa á fræðsluefni og leigu á aðstöðu til námskeiðahalds. Utan við fjármögnun sjóðsins er kostnaður vegna ferða og gistingar starfsmanna.

Tillaga lögð fram á bæjarstjórnarfundum 16. ágúst 2018

Flutningsaðili: Valborg Á Warén

Félagslegt húsnæði - stefnumótunarvinna

Garðabæjarlistinn leggur til að bæjarstjórn setji af stað stefnumótunarvinnu varðandi félagslegt húsnæði og úr verði stefna Garðabæjar í vegna húsnæðisvanda fyrir fólk í almennum og sértækum úrræðum svipað og Reykjavíkurborg hefur þegar gert. Að Garðabær verði í fararbroddi og öðrum sveitarfélögum fyrirmynd er eitthvað sem ætti að stefna að. Lagt er til að fari fram greining á núverandi stöðu, þörfinni til framtíðar og hvernig forvarnir þurfa að vera til staðar og einnig þarf að vera til staðar neyðarúrræði þegar uppkoma aðstæður sem krefjast snöggtrar afgreiðslu. Enn fremur að skoðuð verði markmið og framtíðarsýn og hvert sé lögbundin hlutverk Garðabæjar og að hvaða leiti bæjarfélagið vill ganga lengra sem og verði mótuð samskipti við önnur sveitarfélög við úrlausn mála utangarðsfólks og að skýrt sé tekið á hlutverki Garðabæjar í þessum málaflokki.

Garðabæjarlistinn leggur enn fremur til að samhliða stefnumótun fari fram greining á því hvers vegna þeir 44 einstaklingar sem hófu umsóknarferli fyrir félagslegu húsnæði á síðasta kjörtímabili fluttu úr sveitarfélaginu áður en umsóknarferli lauk. Að fari fram greining á því hversu langur biðtíminn er og hvernig hægt sé að stytta hann því skv. umboðsmanni er biðtími eftir félagslegu húsnæði of langur. Þó að efnið eigi að meginstefnu við um Reykjavíkurborg þá eigi það líka við um önnur sveitarfélög.

Greinargerð

Það er ótækt að ekki sé til stefna um hvernig eigi að bregðast við þeirri þörf sem er til staðar fyrir félagsleg húsnæði né framtíðarsýn. Biðlistinn eftir slíku úrræði er langt frá því að vera langur eða óyfirtíganlegur. Umfang slíks úrræðis eins og það er í dag í sveitarfélaginu getur seint talist Garðabæ til tekna. Garðabæjarlistinn telur mikilvægt að gera þar bragabót á sem allra fyrst. Nýútkomin umrædd skýrsla umboðsmanns Alþingis um stöðu heimilslausra í Garðabæ kallar ekki síður á skjót viðbrögð þess efnis að sett verði af stað vinna við að gera markvisst betur í húsnæðismálum þeirra sem þurfa á félagslegu úrræði að halda og um það megi finna stefnu og framkvæmdaráætlun til framtíðar. Slíkt getur komið fyrir okkur öll og Garðabæjarlistinn telur það vera forgangsmál fyrir Garðabæ sem og önnur sveitarfélög.

Mikilvægt er að viðunandi neyðarúrræði sé til staðar í bæjarfélaginu á meðan beðið er eftir varanlegu úrræði. Þessi aðstoð verður að fullnægja lágmarkskröfum stjórnarskrár og má ekki vera hugsuð til langtíma. Þetta á m.a. við þegar aðstoð felst í því að sá sem þess þarf eigi kost á húsnæðisúrræði til úrlausnar á húsnæðisvanda sínum. Hafi sveitarfélag ákveðið að nýta svigrúm sitt til að útfæra aðstoðina með öðrum hætti s.s. með fjárhagsaðstoð, lánveitingum eða framboði af félagslegum eignaríbúðum, verða úrræðin sem gripið er til einnig að vera til þess fallinn að tryggja efnislegan lágmarksrétt. Garðabæjarlistinn vill úttekt á því hvort allir íbúar sem þurfi á félagslegum úrræðum að halda hjá Garðabæ hafi tryggðan lágmarksrétt. Og stefna sett til framtíðar hvernig tryggja skal þann rétt.

Í álitum umboðsmanns segir ennfremur að sveitastjórnir skulu, eftir því sem kostur er og þörf sé á, tryggja framboð á leiguhúsnæði, félagslegum kaupleiguhúsnæði og/eða félagslegum eignaríbúðum handa þeim einstaklingum og fjölskyldum sem ekki séu á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra launa, þungrar framfærslubyrgðar eða annarra félagslegra aðstæðna. Garðabæjarlistinn leggur til að gerð verði úttekt og greint fyrir stefnumótun fyrir málaflokkinn hvort Garðabær uppfylli þessi skilyrði.

Tillaga lögð fram á bæjarstjórnarfundi 16. ágúst 2018
Flutningsmaður: Sara Dögg Svanhildardóttir

Hinsegin fræðsla - heilsueflandi samfélag

Garðabæjarlistinn leggur til að bæjarstjórn óski eftir gerð þjónustusamnings við Samtökin '78 um hinsegin fræðslu sem nýtist sem flestu starfsfólki Garðabæjar og um leið börnum og ungmennum. Garðabæjarlistinn leggur áherslu á tvenns konar inntak samnings. Annars vegar markvissa hinsegin fræðslu til ungmenna á grunnskólastigi og hins vegar almenna fræðslu fyrir starfsfólk Garðabæjar þar sem starfsfólki leik- og grunnskóla er veitt sérstök fræðsla en einnig þar sem boðið verður upp á hinsegin fræðslu fyrir allt starfsfólk. Uppræting fordóma er eina leiðin til þess að hinsegin fólk njóti öryggis í samfélaginu. Garðabæjarlistinn vill að markviss hinsegin fræðsla verði eitt þeirra markmiða sem falla undir heilsueflandi samfélag, enda er andleg líðan stór og mikilvægur þáttur góðrar heilsu.

Greinagerð

Mannréttindi eru ekki sjálfsgöð. Þetta veit hinsegin fólk, sem hefur barist fyrir réttindum sínum áratugum saman. Á Íslandi hefur mikill árangur náðst í þeirri baráttu, þótt enn sé langt í land á mörgum sviðum. Þrátt fyrir breytta tíma mætir hinsegin fólk enn fordómum og jafnvel andúð í samfélaginu. Nýlegar rannsóknir, m.a. á Íslandi, sýna að hinsegin ungmenni eru líklegri til þess að glíma við kvíða og þunglyndi auk þess sem þau íhuga frekar að skaða sig og að stytta sér aldur. Þessi staða er óásættanleg og Garðabær er í góðri aðstöðu til þess að leggja sitt af mörkum til þess að bæta líðan barna og ungmenna í bænum og jafnframt stuðla að opnara, fordómalausara og heilbrigðara samfélagi.

Fræðsla upprætir fordóma. Hinsegin fólk sem fær eindreginn stuðning frá fjölskyldu og nærsamfélagi á mun auðveldara uppdráttar en þau sem mæta mótlæti. Fræðsla um hinsegin mál er mikilvæg fyrir allt samfélagið, en ekki síst fyrir hinsegin ungmenni, hinsegin foreldra, börn hinsegin fólks og aðra aðstandendur, kennara, leiðbeinendur og aðra sem þjónusta þessa hópa. Hinsegin fræðsla kemur öllum þessum hópum vel. Bæði eykur það lífsgæði hinsegin fólks að það sé almenn meðvitund um málefni þeirra í nærsamfélaginu, en jafnframt eykur það öryggi fagfólks til þess að takast á við málefni sem eru þeim e.t.v. framandi.

Hinsegin málefni eru flókin og margslungin auk þess sem þau eru sibreytileg. Þess vegna er ákaflega mikilvægt að þau sem koma að fræðslu um hinsegin mál séu sérfræðingar. Garðabæjarlistinn leggur einnig áherslu á það að hinsegin fræðsla þarf að eiga sér stað óháð viðhorfum einstaka stjórnenda. Það má ekki vera minnsti möguleiki á því að fordómar nái að leita sér skjóls. Hinsegin fræðsla hefur hingað til verið valkvæð í skólum Garðabæjar, en það þýðir að færri fá notið hennar en ella. Við teljum að hinsegin fræðsla eigi erindi við öll ungmenni og allt starfsfólk bæjarins. Garðabæjarlistinn vill að Garðabær lýsi yfir fullum stuðningi yfir réttindabaráttu hinsegin fólks og sýni í verki að við tökum hinsegin fræðslu alvarlega. Með því að óska eftir þjónustusamningi við Samtökin '78 sendum við skýr skilaboð um að Garðabær sé upplýst samfélag þar sem öllum manneskjum er sýnd virðing.